Ársþing
Íþróttabandalags Vestmannaeyja
12. maí 2010

Verkefni Ársþings Íþróttabandalags Vestmannaeyja 12. maí 2010

Verkefni ársþingsins eru:

1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörnefndar
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og tveggja ritara
4. Skýrsla stjórnar og umræður
5. Reikningar stjórnar, umræður og atkvæðagreiðsla
6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja
8. Ræddar tillögur er fyrir liggja
9. Kosnar fimm þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, íþróttanefnd og kjörnefnd. Eru fimm menn í hverri þeirra.
10. Lagðar fram uppástungur um formann ÍBV fyrir næsta ár.

Þinghlé

11. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla
12. Kosning fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ.
13. a) Kosinn formaður ÍBV
    b) Kosin stjórn ÍBV
    c) Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara

d) Kosið í laganefnd, valnefnd og aðrar nefndir, ef tillögur hafa borist

14. Ýmis mál
15. Þingslit

Ársskýrsla Íþróttabandalags Vestmannaeyja

starfsárið 2009

Ársþing Íþróttabandalags Vestmannaeyja var haldið í Týrsheimilinu 12. maí 2009. Á þinginu var Þór Í.Vilhjálmsson endurkjörinn formaður fyrir næsta starfsár og aðrir í stjórn kjörin, en þau eru Leifur Gunnarsson varaformaður, Gísli Valtýsson gjaldkeri, Arndís Sigurðardóttir ritari og Birgir Guðjónsson meðstjórnandi. Tveir góðir gestir mættu til þinghalds þær Líney Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Íþrótta og Ólympísambands Ísland og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir varamaður í stjórn Í.S.Í.

Starf íþróttahreyfingarinnar í Vestmannaeyjum var kröftugt sem fyrr og mörg góð afrek unnin. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu sem vann sér aftur sæti í úrvalsdeild hélt þar sæti sínu þrátt fyrir að þeim væru spáð falli.og meistaraflokkur kvenna stóð sig vel og var nálægt því að vinna sér sæti í úrvalsdeild. Þá stóð meistaraflokkur kvenna í handknattleik sig vel en hann var að mestu skipaður ungum leikmönnum en nokkrar eldri styrktu hópinn, sama má segja um meistaraflokk karla í handknattleik og eru þessir flokkar eingöngu skipaðir heimafólki en stjórnendur handboltans hafa unnið skipulega að því að ná tökum á fjárreiðum deildarinna og hefur oðið vel ágengt í því. Þá hefur verið mikill kraftur í starfi yngri flokka hjá Í.B.V. íþróttafélagi. Þá er tókust

Pæjumótið og Shellmótin í knattspyrnu vel og voru fjölmenn. Eru að stækka aftur en það hefur verið í lægð síðustu ár.

Þjóðhátíð Vestmannaeyja heppnaðist mjög vel og var hún haldinn í góðu veðri og var hún sú stærsta frá upphafi. Það skiptir íþróttahreyfinguna mjög miklu máli að hún takist vel en hún stendur að stærstum hluta undir starfsemi hreyfingarinnar hér í Eyjum. Þá var Þrettándagleðin geysi-fjölmenn en það virðist gefa góða raun að halda hana um helgi en fyrir bragðið kemur fjöldi gesta af fastalandinu til Eyja.

Mikill kraftur er í starfsemi hjá Körfuknattleiksfélagi Í.B.V. Og eru þeir búnir að setja mark sitt á körfuboltann í landinu svo um munar. Hjá sundfólkinu hefur árið verið öflugt starf. Fimleikafélagið Rán er með mjög mikla starfsemi og eru fimleikar orðnar ein af stærstu íþróttagreinunum í Eyjum. Íþróttafélagið Ægir hefur verið áberandi og hefur verið að kynna starfsemi sína með ýmsum nýjungum. Badmintonfélag Vestmannaeyja hefur verið að eflast mjög eftir að það var endurvakið afturog er iðkendahópurinn alltaf að stækka.

Golfklúbbur Vestmannaeyja var sem áður með öfluga starfsemi.

Að venju var haldið veglegt hóf í íþróttahúsinu í janúar þar sem val á íþróttamanni Vestmannaeyja var tilkynnt. Þá únefndi hvert aðildarfélag Íþróttabandalaqgs Vestmannaeyja, íþróttamann sinn. Þá komu fulltrúar frá bæjarfélaginu og afhentu afreksstyrki til félagana og jafnframt heiðruðu þau stóran hóp íþróttafólks sem hafði á árinu leikið með landsliðum Íslands. Mjög ánægulegt er hvað athöfnin er vel sótt. Íþróttamaður Vestmannaeyja árið 2009 var valinn Þórhildur Ólafsdóttir knattspyrnukona. Þá var Sigríður Lára Garðarsdóttir valin íþróttamaður æskunnar og Sigursteinn Óskarsson var heiðraður fyrir mikið og gott starf í áratugi í þágu íþrótta-hreyfingarinnar.

Íþróttahreyfingin í Vestmannaeyjum hefur eins og önnur starfsemi í landinu en orðið fyrir barðinu á á hinni miklu fjármálakreppu sem skall á s.l. haust með þeim afleiðingum að margir góðir styrktaraðilar hafa orðið að draga sig til baka. Hafa félögin brugðist við því með að skera niður í rekstri sínum og hafa mætt þessu með miklu aðhaldi. Ferðasjóður fyrir íþróttahreyfinguna hefur sannað gildi sitt og skiptir íþróttastarfið í Eyjum miklu máli en hann var skorinn niður um 30 miljónir og eru nú veittar 60 milljónir úr honum en Eyjamenn eru í hópi stærstu styrkþega úr honum. Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið til að beyta áhrifum sínum til að ferðasjóðurinn verði áfram starfræktur og ekki verði skorið niður fé til hans.

Nú styttist í að tekið verði í notkunn langþráð knattspyrnuhús en það verður væntalega tekið í gagnið í haust og verður mikil lyftistöng fyrir knattspyrnufólk hér í Eyjum.

Starf stjórnar Í.B.V. hefur verið með hefðbundn-um hætti þetta starfsár, stjórnarfundir verið haldnir nánast einu sinni í mánuði eins og lög segja til um og oftar ef þurft hefur.

Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja vill þakka aðildafélögum samstarfið á árinu og einnig stuðn-ingsmönnum og styrktaraðilum veittan stuðning.

f.h Íþróttabandalags Vestmannaeyja
Þór Í.Vilhjálmsson
formaður

Rekstrar- og efnahagsreikningur Íþróttabandalags Vestmannaeyja 1. jan. 2009 - 31. des. 2009

Rekstrarreikningur 31. desember 2009

Tekjur:	
Hlutur Íþróttabandalagsins í lottotekjum ársins 2009	1.965.974
3% hlutdeild ÍBV í Ísl. Getraunum v/ársins 2009	941.077
Útbreiðslustyrkur 2009	197.244
Vextir	82.427
Tekjur samtals	**3.186.722**
Gjöld:	
Hlutur aðildarfélaga Íþróttabandalagsins í lottotekjum Vestm.eyja	1.769.377
Hóf v/Íþróttamanns ársins	269.636
Ferða- og þingkostnaður	290.347
Fjármagnstekjuskattur	9.573
Gjafir	122.199
Heimasíða Íþróttabandalags Vestmannaeyja	334.113
Ýmislegt	19.850
Gjöld samtals	**2.815.095**
Tekjur umfram gjöld	***371.627***

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir:	
Ávísanareikningur nr. 379 í Sparisjóði Vestmannaeyja 31.12.09	244.950
Netreikningur í Sparisjóði Vestmannaeyja nr. 200239 31.12.2009	673.223
Óinnkomnar tekjur v/getrauna ársins 2009	941.077
Óinnkomnar tekjur v/lottos ársins 2009	202.748
Samtals	**2.061.998**
Skuldir og eigið fé:	
Ógreitt lotto til aðildarfélaga Íþróttabandalagsins	323.431
Ógreiddir reikningar v/ársins 2009	29.068
Skuldir samtals	**352.499**
Eigið fé í ársbyrjun 2009	1.337.872
Tekjur umfram gjöld	371.627
Höfuðstóll 31. desember 2009	**1.709.499**
Skuldir og eigið fé samtals	**2.061.998**

Lottogreiðslur 2009

1. júní 2004 tók gildi ný úthlutunarregla: Íþróttabandalagið fær 10% af óskiptu lottói, 30% skiptast jafnt milli aðildarfélaganna (ÍBV 4 deildir) og 60% fara til félaganna í samræmi við fjölda iðkenda 18 ára og yngri - Hvert aðildarfélag þarf að hafa verið 3 ár í héraðssambandinu til að eiga rétt á úthlutun
Íþróttafélagið Ægir fái úthlutað miðað við 50 iðkendur ár hvert, - ekki miðað við raun-iðkendafjölda

	Heildargr. ÍSÍ til ÍBV 100,00%	Hlutur Héraðssamb. 10,00%	Jöfn úthlutun 30,00%	Skipting iðkendafj. 60,00%	Iðk.alls 957 100,00%	Hnefal.fél 0 0,00%	ÍBV íþr.fél. 530 55,38%	Golfkl. 152 15,88%	Rán 163 17,03%	Óðinn 21 2,19%	Ægir 50 5,22%	Sundfél. 21 2,19%	Í.V 20 2,09%	KFS 0 0,00%	Samtals 100,00%
Innb. Lotto janúar	212.498	21.250	63.749	127.499	957	5.312	91.860	25.563	27.029	8.110	11.974	8.110	7.977	5.312	212.498
Innb. lotto febrúar	117.270	11.727	35.181	70.362	957	2.932	50.694	14.107	14.916	4.476	6.608	4.476	4.402	2.932	117.270
Innb. Lottó mars	146.359	14.636	43.908	87.815	957	3.659	63.269	17.607	18.616	5.586	8.247	5.586	5.494	3.659	146.359
Innb. Lottó apríl	167.684	16.768	50.305	100.610	957	4.192	72.488	20.172	21.328	6.400	9.449	6.400	6.295	4.192	167.684
Innb. Lottó maí	209.787	20.979	62.936	125.872	957	5.245	90.688	25.237	26.684	8.007	11.821	8.007	7.875	5.245	209.787
Innb. Lottó júní.	112.616	11.262	33.785	67.570	957	2.815	48.683	13.547	14.324	4.298	6.346	4.298	4.228	2.815	112.616
Innb. Lottó júlí	193.820	19.382	58.146	116.292	957	4.846	83.786	23.316	24.653	7.397	10.921	7.397	7.276	4.846	193.820
Innb. Lotto ágúst	123.097	12.310	36.929	73.858	957	3.077	53.213	14.808	15.657	4.698	6.936	4.698	4.621	3.077	123.097
Innb. Lotto sept.	169.368	16.937	50.810	101.621	957	4.234	73.216	20.375	21.543	6.464	9.544	6.464	6.358	4.234	169.368
Innb. Lotto okt.	142.460	14.246	42.738	85.476	957	3.562	61.584	17.138	18.120	5.437	8.027	5.437	5.348	3.562	142.460
Innb. Lotto nóv.	128.602	12.860	38.581	77.161	957	3.215	55.593	15.471	16.357	4.908	7.246	4.908	4.828	3.215	128.602
Innb. Lotto des.	202.748	20.275	60.824	121.649	957	5.069	87.646	24.390	25.788	7.738	11.424	7.738	7.611	5.069	202.748
Viðbótarúthlutun	39.665	3.967	11.900	23.799	957	992	17.147	4.772	5.045	1.514	2.235	1.514	1.489	992	39.665
Samtals kr.	**1.965.974**	**196.597**	**589.792**	**1.179.584**		**49.149**	**849.868**	**236.502**	**250.061**	**75.034**	**110.779**	**75.034**	**73.801**	**49.149**	**1.965.974**

Kennitala:	520107-150(	680197-2029	580169-7759	590690-1049	430693-247(	450290-2629	701092-236	670898-2889	540602-3280
Reikningsn	0582-26-681	1167-26-0144	582-26-2550	582-26-1987	1167-26-250	0582-26-344	1167-26-12	582-26-181	0582-26-73

Fundargerð Ársþings

Íþróttabandalags Vestmannaeyja 6. maí 2009

1. Þingið setur Þór Í. Vilhjálmsson formaður og býður hann þingfulltrúa velkomna, einnig gesti þingsins sem eru Líney Halldórsdóttir framkvæmdarstjóri Í.S.Í. og Ingibjörg Jóhannesdóttir varamaður stjórn Í.S.Í. Þór biður þing að minnast Magga á Felli sem lést á árinu.
2. Kosin þriggja manna kjörbréfanefndar þau eru: Elsa Valgeirsdóttir, Þorsteinn Viktorsson og Óðinn Steinsson
3. Kosinn þingforseti og ritari, Hörður Óskarsson og Arndís Sigurðardóttir
4. Þór formaður flytur starfsskýrslu stjórnar fyrir síðasta ár, getur þess að Golfklúbbur Vestmannaeyja varð 70 ára á árinu en var einnig valið fyrsta fyrirmyndafélagið. Andri Ólafsson Var valinn Íþróttamaður Vestmannaeyja og Hallgrímur Júlíusson Íþróttamaður æskunnar. Að öðru leyti vísast til skýrslu formanns í riti ársþings.
5. Gísli Valtýsson gerir grein fyrir reikningum stjórnar engar umræður voru um þá og voru þeir samþykktir samhljóða. Óðinn Steinsson gerir grein fyrir störfum kjörbréfanefndar og voru innan við helmingur kjörinna fulltrúa mættur.
6. Helgi Bragason flytur skýrslu G.V. og færir Íþróttabandalaginu Sögu Golfklúbbs Vestmannaeyja. Skýrslur allra aðildarfélaga eru í riti Í,B.V.
7. Engar lagabreytingar liggja fyrir.
8. Engar tillögur liggja fyrir.
9. Engar nefndir kjörnar.
10. Lagðar fram uppástungur um formann Íþróttabandalagins fyrir næsta starfsár, Þór Vilhjálmsson var einróma endurkjörinn.

Þinghlé og kaffiveitingar bornar fram af knattspyrnukonum.

11. Ingibjörg Jóhannesdóttir tekur til máls og ræðir um að gæta þurfi að barnastarfi í íþróttahreyfingunni þ.e. grasrótinni einnig ræðir hún um ferðasjóð og skerðingu á honum vegna ástandsins í landinu. Segir að Í.S.Í. rói að því öllum árum að hann verði ekki skertur. Ræddi um kvennahlaup og hreyfingu almennt. Getur þess einnig að ef félög eru valinn sem fyrirmyndafélög komi aukin fjárveiting til viðkomandi félags frá borg eða bæ.Starfsskýrsluskil gerir hún að umtalsefni vegna lélegra skila félaga í Vestmannaeyjum, hún þakkar einnig Þór formanni vel unnin störf. Engar nefndir voru kosnar og því engar umræður né atkvæðagreiðsla.
12. Ekki þörf á kosningu þetta árið.
13. A) Þór B) sama stjórn c) Eygló Kristins og Guðni Sigurðsson kjörin skoðunarmenn. Laganefnd Sólveig Adólfsdóttir, Helgi Bragason, Gísli Valtýsson, endurskoða þarf lög.
14. Miklar umræður voru m.a. vegna munntóbaksnotkunar íþóttafólks sem Leifur Gunnarsson segir ljótan ávanabindandi vágest og ekki til fyrirmyndar hjá íþróttafólki.Líney tekur einnig til máls. Hún er sammála síðasta ræðumanni, og tekur fram að íþróttafélög taki hvert og eitt á þessum vágesti. Þór tekur til máls og þakkar Ingibjörgu hlý orð í sinn garð. Þór ræðir einnig um starfsskýrsluskil og það sé til skammar aðildarfélögum að skila ekki skýrslum á réttum tíma, við séum nú stærstu þiggjendur ferðastyrkja frá ríkinu. Þór formaður ræðir um að það vanti tengingu við bæinn, Helgafellsvöllur er ónýtur og það vanti íþróttafulltrúa til að ýta við lagfæringum. Helgi Bragason er sammála Þór að það vanti íþróttafulltrúa eða tengilið við bæinn. Unnur Sigmarsdóttir ræðir um skörun íþróttagreina í handbolta fótbolta og körfuboltaæfingar rekist á, þetta verði að reyna að samræma þar sem börnin stundi mörg fleiri en eina íþróttagrein. Hún nefnir einnig snús eða munntóbak hversu óhollt það sé og svo t.d. á fótboltaæfingum og keppnum séu stelpur og strákar skyrpandi tóbakinu út úr sér um allan völl, þetta sé engan veginn sæmandi íþróttafólki. Rætt var um lengri opnunartíma í sundlauginni vegna móta yfir sumarið, beðið hafði verið um það en verið synjað þetta sé ekki gott afspurnar þegar bærinn fær tekjuöflun út af þessum mótum þar sem þátttakendur eru 1000-1500 manns.Ingibjörg bendir þinginu á að senda ályktun til ríkisstjórnar vegna ferðastyrkja, Ingibjörg ræðir einnig um sérsamböndin og styrki til þeirra. Gísli Valtýsson segir frá nýrri heimasíðu Íþróttabandalagsins, sem er með tengingu inn á öll aðildarfélögin. Þar með ætti að ljúka áralangri umræðu um heimasíðuna, en ÍBV hafði yfirtekið síðuna með samþykki ÍBV á sínum tíma. Tvær ályktanir hafa borist undir liðnum ýmis mál en það er ályktun um ferðastyrki til ríkistjórnar og ályktun til bæjaryfirvalda um skipun nýs íþróttafulltrúa og er það einróma samþykkt. Óðinn Steinson ræðir um lokun flugvallar á kvöldin, sá sparnaður sem átti að fást með því varð ekki. Spurt var um hvort ekki væri til fræðsluefni um munntóbak og hættuna við notkun þess, ráða þarf bót á þessu og fá fræðsluefni. Hörður Óskarsson talar um mjög algenga notkun þess hjá krökkum á aldrinum 16-18 ára. Líney Halldórsdóttir ræðir um bókhaldskerfi íþróttafélaga FELIX í gegnum það er hægt að skila starfsskýrslum , og býður aðildarfélögum alla þá hjálp sem þau þurfi til að taka það í notkun.
15. Formaður þakkar þingfulltrúum og gestum komuna og ræðir um að Eyjamenn verði að halda uppi merki landsbyggðarinnar, slítur síðan þingi kl. 22.10. 18 þingfulltrúar voru mættir.

Arndís Sigurðardóttir, fundarritari

Lög Íþróttabandalags Vestmannaeyja

Samþykkt á ársþingi 17. maí 2001

1. kafli
Tilgangur og markmið

1. gr.
Íþróttabandalag Vestmannaeyja (skammstafað ÍBV) er héraðssamband íþróttafélaga í Vestmannaeyjum. Það var stofnað 6. maí 1945 samkvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalögum nr. 25 frá 12. febrúar 1940.

2. gr.
Tilgangur ÍBV er:
a) Að vinna að eflingu, samræmingu og skipulagningu á íþróttastarfsemi allra áhugamanna í Vestmannaeyjum í samræmi við íþróttalögin og reglur ÍSÍ.
b) Að hafa foystu í sameiginlegum félagsmálum og efla samvinnu íþróttaiðkenda í Vestmannaeyjum, svo og vera sameiginlegur fulltrúi félaganna utan héraðs.
c) Að vinna að framkvæmdum sem miða að því að efla íþróttaiðkanir innan héraðsins, svo sem að byggingu og endurbótum á sameiginlegum íþróttamannvirkjum og að aðstoða einstök félög við slíkar framkvæmdir.
d) Að sjá um rekstur og viðhald sameiginlegra íþróttamannvirkja, ef ekki er öðruvísi kveðið á um þau.
e) Að vinna að sameiginlegum fjármálum með því að koma styrkbeiðnum á framfæri og útvega styrki svo og að úthluta sameiginlegu styrktarfé til íþróttamannvirkja og kennslustarfsemi, bæði verklegrar og bóklegrar.
f) Að útvega kennara og tæki til þjálfunar og fræðslu, sé þess óskað.
g) Að annast íþróttaleg sérmál og hagsmuni sérgreinar, ef sérráð fyrir þá íþróttagrein er ekki starfandi.
h) Að gangast fyrir stofnun félaga, sem ásamt þjálfara annast öll mál viðkomandi íþróttagreinar.
i) Að sjá um afgreiðslu ágreiningsmála sem kunna að koma upp innan héraðsins.
j) Að taka á móti tilkynningum um komu íþróttaflokka á bandalagssvæðinu og tilkynningum frá bandalagsfélögum um ráðgerðar íþróttaferðir þeirra úr héraði. Ennfremur að skera úr ágreiningsmálum er varða þessi atriði, ef fyrir koma.
Bandalaginu er heimilt að fela viðkomandi félögum að sjá um þessi mál undir yfirumsjón bandalagsstjórnarinnar.
k) Að segja álit sitt á íþróttamálum, íþróttamannvirkjum, o.s.frv.
l) Að annast skýrslugerðir um íþróttmál á bandalagssvæðinu.
m) Að vera milliliður milli Tryggingastofnunar og einstakra félaga.
n) Að sjá um framkvæmd á læknisskoðun íþróttamanna.
o) Að sjá um að unnið sé að bindindismálum og útrýmingu skaðnautna meðal bandalagsfélag.
p) Að hafa yfirumsjón með og þar með úrskurðarvald um niðurröðun á íþróttamótum í héraðinu.
q) Að hafa yfirumsjón með héraðsmótum og úrskurðarvald í málum sem valda ágreiningi milli þjálfara og sérráða.
r) Aða hafa forgöngu um að örva íþróttaiðkanir og keppni um íþróttamerki.

II. kafli
Réttindi og skyldur bandalagsfélaganna

3. gr.
Öll þau félög í Vestmannaeyjum sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni eiga rétt á að ganga í ÍBV, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem á hverjum tíma eru gildandi um frjálsa íþróttastarfsemi.

4. gr.
Óski félag að ganga í ÍBV, sendir það stjórn ÍBV umsókn sína, ásamt lögum félagsins, skýrslur um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

5. gr.
Félögin skulu senda ársskýrslu til stjórnar bandalagsins fyrir lok mars ár hvert. Stjórn ÍBV sendir síðan heildarskýrslu til ÍSÍ.

6. gr.
Skattur bandalagsfélaganna til ÍBV er sá skattur sem samþykktur er á ársþingi ÍBV. Skýrslu- og reikningsár ÍBV fylgir almanaksárinu.

7. gr.
Félag, sem ekki hefur sent ársskýrslu sína fyrir ársþing missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBV. Líði ár án þess að félagið geri skil á skýrslum skal ársþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr ÍBV.

8. gr.
Víkja má félagi úr ÍBV um stundarsakir, ef það brýtur gildandi lög um íþróttamál, svo sem lög, reglur og ákvæði ÍBV, lög sambanda sem bandalagið er aðili að, svo og lög og reglur ÍSÍ.

9.gr.
Félag sem misst hefur réttindi vegna lögbrota eða vanskila getur ekki öðlast þau aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsiákvæðum eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil.

10. gr.
Sérhvert félag innan ÍBV á rétt á að senda fulltrúa á ársþing bandalagsins. Skal tala fulltrúa félaganna miðuð við tölu félagsmanna þannig, að félög með 50 félagsmenn eða færri hljóti 1 fulltrúa, en síðan komi 1 fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn þar fram yfir. Stjórnir félaga skulu útfylla kjörbréf fyrir fulltrúa sína á eyðublað, sem ÍBV leggur til og sjá um að það sé komið á ársþingið, þegar það er sett.

III. kafli
Ársþing ÍBV

11. gr.
Ársþing ÍBV er fulltrúaþing. Það skal haldið árlega á tímabilinu 15. apríl til 15. maí. Boða skal þingið bréflega með minnst mánaðar fyrirvara og senda boð stjórnum bandalagsfélaganna svo og öðrum þeim aðilum sem rétt eiga á þingsetu sbr. 12. gr. Þingboðinu skal fylgja ársskýrsla og reikningar ÍBV, dagskrá þingsins svo og eyðublöð undir kjörbréf fulltrúa ásamt upplýsingum um það hve marga fulltrúa eigi að senda. Ennfremur skulu fylgja þær tillögur og þau mál sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið. Jafnframt skal hvert félag minnt á að allar tillögur og mál sem óskast lögð fyrir þingið skulu hafa borist stjórn ÍBV viku fyrir þinghald.

Telji félag að fulltrúatala þess sé rangt tilgreind skal það senda stjórn ÍBV kæru um það áður en vika er liðin frá því tilkynning um fulltrúatölu var send út.

12. gr.
Rétt til setu á ársþingi ÍBV eiga allir fulltrúar bandalagsfélaga samkvæmt 10. gr. Þá hafa rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti; Stjórn og varastjórn ÍBV, framkvæmdastjóri ÍSÍ, ásamt íþróttafulltrúa ríkisins, æskulýðs- og íþróttafulltrúi Vestmannaeyjabæjar og fulltrúi frá hverju landssambandi, sem ÍBV er aðili að.

13. gr.
Verkefni ársþingsins eru:
1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörnefndar
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og tveggja ritara
4. Skýrsla stjórnar og umræður
5. Reikningar stjórnar, umræður og atkvæðagreiðsla
6. Skýrslur félaga, umræður og atkvæðagreiðsla
7. Ræddar lagabreytingar, ef fyrir liggja
8. Ræddar tillögur er fyrir liggja
9. Kosnar fimm þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, íþróttanefnd, laganefnd og kjörnefnd. Eru fimm menn í hverri þeirra.
10. Lagðar fram uppástungur um formann ÍBV fyrir næsta ár.

Þinghlé

11. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla
12. Kosning fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ.
13. a) Kosinn formaður ÍBV
    b) Kosin stjórn ÍBV
    c) Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara
d) Kosið í aganefnd, laganefnd, valnefnd og aðrar nefndir, ef tillögur hafa borist
14. Ýmis mál
15. Þingslit

Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar, skal vísa til nefnda og starfa þær á þinginu. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar nema ef ekki eru fleiri tilnefndir heldur en kjósa á. Þá eru þeir sjálfkjörnir án atkvæðagreiðslu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar eftir því sem aðstæður leyfa.

14. gr.
Aukaþing skal halda, ef tilmæli koma um það samkvæmt fundarsamþykkt frá meirihluta bandalagsfélaganna. Einnig skal halda aukaþing ef stjórn landssambands sem ÍBV er aðili að mælist til þess. Boða skal til aukaþings ef meirihluti stjórnar ÍBV telur ástæðu til þess. Boða skal til aukaþings bréflega með tveggja vikna fyrirvara. Hafa bandalagsfélögin sömu fulltrúa og á næsta ársþingi á undan, sbr. 10. gr. síðustu málsgreinar.
Þetta er starf aukaþings:
1. Þingsetning
2. Kosnir þingforsetar og þingritarar sbr. 13.gr.3
3. Tekin til meðferðar mál þau sem gefið hafa tilefni til aukaþings og tilkynnt voru með þingboðinu.
4. Önnur mál, sem upp kynna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir sbr. 15. gr.
5. Þingslit

Á aukaþingi ÍBV má ekki gera breytingar á lögum eða reglum ÍBV né kjósa í stjórn þess nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Kjósa má fulltrúa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraði.

15. gr.
Í málum þeim, sem tilkynnt hafa verið í þingboðinu, ræður einfaldur meirihluti úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta atkvæða fundarmanna til að samþykkja lagabreytingar. Um þau mál sem ekki koma fram fyrr en á þinginu þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að þau verði tekin á dagskrá og 4/5 hluta til þess að þau hljóti fulla afgreiðslu.

16. gr.
Atkvæðisrétt á þingum ÍBV hafa aðeins fulltrúar frá bandalagsfélögum ÍBV skv. 10. gr. og fer enginn með meira en eitt atkvæði.
Bandalagsfélag getur misst réttindi að meira eða minna leyti vegna dómsúrskurðar frá dómstóli ÍSÍ og tala þeirra fulltrúa sem það á rétt á þannig breyst milli þinga.

IV. kafli
Stjórn ÍBV og starfssvið

17. gr.
ÍBV stjórna fulltrúar sem til þess hafa verið kjörnir á ársþingi ÍBV til eins árs í senn. Formaður skal kjörinn sérstaklega sbr. 13. gr. 13a-13b.
Aðrir skulu kjörnir sbr. 13.gr. 13b, fjórir aðalmenn og fjórir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

18. gr.
Stjórn ÍBV skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess. Stjórninni skal heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda, til þess að sjá um og framkvæma viss mál bandalagsins. Formaður skal kalla saman stjórnarfundi minnst einu sinni í mánuði. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarinnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglu. (Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði verða jöfn).

19. gr.
Í þeim íþróttagreinum, þar sem stjórnir eru ekki starfandi ferð stjórn ÍBV með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd, ef hún telur það hagkvæmara. Stjórn ÍBV fer með stjórn í sérmálum þeirra íþróttagreina, sem það varðar. Sjá þó 2. gr.r. Reglur varðandi verðlaunagripi til keppni innan héraðs skulu háðar samþykkir stjórnar ÍBV.

20. gr.
Stjórnir félaga skulu veita viðtöku öllum skýrslum um íþróttamót, sem haldin eru í héraðinu og geyma þær í skjalasafni sínu. Sé mót haldið í sérgrein þar sem félag er ekki til, skal félag það er fyrir mótinu stendur, senda skýrslu um það beint til stjórnar ÍBV svo og heildarskýrslur um íþróttamót í sinni grein. Sömu skyldur hvíla á stjórn ÍBV, ef hún gengst fyrir mótum. Skýrslur um mót skal senda í síðasta lagi mánuði eftir að móti er lokið, en stjórnir senda ársskýrslur sínar fyrir lok október árlega. Allar skýrslur skal senda í tvíriti til stjórnar ÍBV, sem svo sendir annað eintakið til stjórnar ÍSÍ. Um fjárhagslega aðstoð bæjar-, ríkis- eða landssambanda svo og byggingu, viðhald og rekstur íþróttamannvirkja er félög háð yfirstjórn ÍBV.

21. gr.
Að loknu ársþingi gefur formaður ÍBV út skírteini handa stjórninni er gilda næsta starfstímabil og veita henni ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum á bandalagssvæðinu.

22.gr.
Dómstólar ÍSÍ hafa lögsögu í málefnum ÍBV í samræmi við ákvæði laga ÍSÍ.

Reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga Íþróttabandalags Vestmannaeyja

1. grein.
Stjórn Íþróttabandalags Vestmannaeyja skal veita þeim sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum heiðursviðurkenningu eftir því sem segir í reglugerð þessari

2. grein
Heiðursviðurkenningarnar eru þessar:
1. Heiðurskross ÍBV úr gulli
2. Heiðursmerki ÍBV úr gulli
3. Heiðursmerki ÍBV úr silfri
4. Bandalagsmerki ÍBV
5. Starfsmerki ÍBV

3. grein
Stjórn Íþróttabandalags Vestmanneyja gerir tillögu um veitingu heiðursviðurkenninga og skal hún samþykkt af 4/5 hluta stjórnar. Heiðursviðurkenningarnar skulu einungis afhentar á ársþingi ÍBV eða við hátíðleg tækifæri.

4. grein
Heiðurskross ÍBV úr gulli er æðsta heiðursviðurkenning Íþróttabandalags Vestmanneyja, sem veitis einungis undir sérstökum kringumstæðum og þá helst ekki öðrum en þeim sem áður hafa hlotið Heiðursmerki ÍBV úr gulli eða silfri.

5. grein
Heiðursmerki ÍBV úr gulli er næst æðsta heiðursviðurkenning Íþróttabandalags Vestmannaeyja.
Við veitingu gullmerki ÍBV skal tekið mið af því að sá sem veita á merkið hafi áður verið veitt silfurmerki ÍBV og hafi staðið í forystusveit íþróttamála í Vestmannaeyjum og unnið þeim vel og dyggilega.

6. grein
Heiðursmerki ÍBV úr silfri skal einungis veita þeim sem unnið hafa vel og dyggilega fyrir íþróttahreyfinguna í áratug eða lengur.

7. grein
Bandalagsmerki ÍBV má veita öllum sem starfað hafa vel fyrir bandalagið svo og þeim sem stjórn ÍBV telur ásæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd íþróttamálum.

8. grein.
Starfsmerki ÍBV skal veita þeim sem unnið hafa íþróttaafrek á vegum ÍBV, skarað fram úr eða unnið landsmót undir nafni ÍBV.
Stjórnir aðildarfélaga ÍBV og ráða innan ÍBV skulu gera tillögur til stjórnar ÍBV um hverjum skuli veitt merkið.
Merkið má aðeins veita einu sinni.

9. grein
Heimilt er með samþykkt allra stjórnarmanna ÍBV að veita mönnum utan Vestmannaeyja viðurkenningar er um getur í reglugerð þessari, ef viðkomandi hefur að mati stjórnar unnið ómetanleg störf fyrir Íþróttabandalag Vestmannaeyja eða íþróttamál í Vestmannaeyjum.

10.grein
Stjórn Iþróttabandalags Vestmannaeyja skal halda gerðabók þar sem skrá skal handhafa heiðursviður-kenninga ÍBV.

11.grein
Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar ÍBV hafa einir rétt til þess að bera þær og er óheimilt að láta þær af hendi.

12.grein
Reglugerð þessari verður einungis breytt á ársþingi Íþróttabandalags Vestmannaeyja.

13.grein
Reglugerð öðlast þegar gildi.
Þannig samþykkt á ársþingi Íþróttabandalags Vestmannaeyja haldið 15. og 29. dsember 1990.

Heiðursveitingar Íþróttabandalags Vestmannaeyja

Silfurmerki:

1970 Magnús H. Magnússon
1970 Sigurgeir Kristjánsson
1971 Helgi Bergvinsson
1971 Bjarnhéðinn Elíasson
1971 Sigurgeir Ólafsson
1971 Guðjón Magnússon
1971 Ingólfur Arnarson
1971 Lárus Ársælsson
1971 Jónas Sigurðsson
1971 Guðný Gunnlaugsdóttir
1971 Sigurður Jónsson
1971 Adólf Óskarsson
1971 Viktor Helgason
1971 Kristinn Sigurðsson
1971 Magnús Grímsson
1971 Valdimar Kristjánsson
1971 Guðmundur Guðmundss.
1971 Marteinn Guðjónsson
1972 Bragi Steingrímsson
1976 Hermann Kr. Jónsson
1976 Atli Elíasson
1997 Guðmundur Þ. B. Ólafss.
1998 Jóhannes Ólafsson
1998 Jóhann Jónsson
1998 Birgir Guðjónsson
1998 Guðlaug Hjelm
1998 Magnús Gísli Magnússon
1998 Sigursteinn Óskarsson
1998 Helgi Sigurlásson
1998 Þorsteinn Jónsson
1998 Einar Friðþjófsson
1998 Björn Elíasson
1998 Kristmann Karlsson
1998 Hólmfríður Júlíusdóttir
1998 Björgvin Eyjólfsson
1998 Guðrún Ragnarsdóttir
1998 Ólafur Jónsson
1998 Bergvin Oddsson
1998 Guðjón Rögnvaldsson
1998 Guðjón Hjörleifsson
1998 Jóhann Pétursson
1998 Einar Gylfi Jónsson
1998 Sigurjón Birgisson
1998 Ingibjörg B. Jóhannesd.
1998 Eggert Garðarsson
1998 Tryggvi Kr. Ólafsson
1998 Guðmundur Jensson
1998 Guðni Hjörleifsson
1998 Friðbjörn Valtýsson
1998 Arngrímur Magnússon
1998 Sæfinna Sigurgeirsdóttir
1998 Hanna Þórðardóttir
1998 Sigríður Magnúsdóttir
1998 Bergljót Blöndal
1998 Ólöf A.Elíasdóttir
1998 Ragnheiður Mikaelsdóttir
1998 Jósúa Steinar Óskarsson
1998 Stefán Agnarsson
1998 Stefán Jónasson
1998 Þorvarður Þorvaldsson
1998 Stefán Jónsson
1998 Haraldur Óskarsson
1998 Magnús Magnússon
1998 Einar Jónsson
1998 Böðvar Bergþórsson
1998 Hallgrímur Júlíusson
1998 Haraldur Júlíusson
1998 Leifur Gunnarsson
1998 Þorsteinn Hallgrímsson
1998 Sigurður Þ. Sveinsson
1998 Elías B. Angantýsson
1998 Ólafur F. Guðjónsson
1998 Gunnar Guðnason
1998 Gunnar Svavarsson
1998 Sigurður Guðnason
1999 Sighvatur Bjarnason
1999 Sigmar Þröstur Óskarsson
2000 Sigbjörn Óskarsson
2000 Andrea Atladóttir
2000 Ingibjörg Jónsdóttir
2000 Vigdís Sigurðardóttir
2000 Ragna Birgisdóttir
2000 Georg Þór Kristjánsson
2000 Geir Sigurlásson
2000 Bjarni Jóhannsson
2000 Hjalti Kristjánsson
2000 Sveinn Þorsteinsson
2000 Arndís Sigurðardóttir
2002 Eyþór Harðarson
2003 Magnús Bragason
2003 Óskar Freyr Brynjarsson
2003 Stefanía Guðjónsdóttir
2003 Unnur Sigmarsdóttir
2004 Hörður Óskarsson
2004 Ómar Garðarsson
2004 Sigurlás Þorleifsson
2004 Þórunn Ingvarsdóttir
2004 Hlynur Stefánsson
2004 Heimir Hallgrímsson
2005 Hlynur Sigmarsson
2005 Páll Marvin Jónsson
2006 Kári Vigfússon
2006 Ragnheiður Víglundsdóttir
2006 Jóna Ágústsdóttir
2006 Guðný Einarsdóttir
2007 Svavar Valtýr Stefánsson
2007 Viktor Ragnarsson
2007 Kristín Ásmundsdóttir
2007 Svanfríður Jóhannsdóttir
2008 Tryggvi Már Sæmundsson
2008 Bergur Sigmundsson
2008 Kristján Ólafsson
2008 Helgi Bragason
2009 Viðar Elíasson
2009 Klara Tryggvadóttir
2009 Eyjólfur Guðjónsson
2009 Páll Scheving
2009 Ólafur Týr Guðjónsson
2009 G. Huginn Guðmundsson
2009 Ingi Sigurðsson
2009 Magnús Sigurðsson

Gullmerki:

1971 Friðrik Jesson
1971 Valtýr Snæbjörnsson
1971 Bergsteinn Jónasson
1971 Karl Jónsson
1971 Guðlaugur Gíslason
1971 Jóhann Vilmundarson
1971 Albert Guðmundsson
1971 Martin Tómasson
1971 Stefán Runólfsson
1971 Eggert Sigurlásson
1971 Gísli Halldórsson
1972 Viktor Helgason
1975 Guðjón Ólafsson
1976 Húnbogi Þorkelsson
1998 Þór I. Vilhjálmsson
1998 Bragi Steingrímsson
1998 Gísli Valtýsson
1998 Jóhann Ólafsson
1998 Sigurður Jónsson
1998 Sigríður Ólafsdóttir
1998 Hermann Kr. Jónsson
1998 Vignir Guðnason
1998 Aðalsteinn Sigurjónsson
1998 Sólveig Adólfsdóttir
1998 Atli Elíasson
2000 Ólöf Elíasdóttir
2000 Björgvin Eyjólfsson
2000 Þorvarður Þorvaldsson
2000 Guðrún Ragnarsdóttir
2000 Eygló Kristinsdóttir
2000 Grímur Guðnason
2000 Guðmundur Þ.B. Ólafsson
2007 Jóhann Jónsson
2008 Stefán Jónasson
2008 Haraldur Óskarsson
2008 Hörður Óskarsson
2009 Bergvin Oddsson
2009 Leifur Gunnarsson

Gullkross:

1997 Magnús Grímsson
1997 Guðjón Magnússon
1998 Adólf Óskarsson
1998 Guðný Gunnlaugsdóttir
1998 Húnbogi Þorkelsson
1998 Stefán Runólfsson
1998 Gunnar Stefánsson
2005 Marteinn Guðjónsson
2005 Jóhann Ólafsson
2005 Bragi Steingrímsson

Íþróttamenn Vestmannaeyja

Byrjað var að tilnefna Íþróttamann Vestmannaeyja árið 1978. Sá Rótarýklúbbur Vestmannaeyja um valið til ársins 1982. Þá tók Íþróttabandalag Vestmannaeyja við valinu og viðhafði kosningu meðal bæjarbúa. En frá árinu 1986 hefur valið verið í höndum sérstakrar valnefndar, sem kjörin hefur verið á ársþingum Íþróttabandalagsins.

1978 Óskar Sigurpálsson, lyftingamaður
1979 Gunnar Steingrímsson, lyftingamaður
1980 Páll Pálmason, knattspyrnumaður
1981 Sigmar Þröstur Óskarsson, handknattleiksmaður
1982 Sigfríð Björgvinsdóttir, sundkona
1983 Gylfi Garðarsson, kylfingur
1984 Árni Sigurðsson, sundmaður
1985 Þorsteinn Gunnarsson, knattspyrnumaður
1986 Birgir Ágústsson, kylfingur
1987 Sindri Óskarsson, kylfingur
1988 Nökkvi Sveinsson, knattspyrnumaður
1989 Sigurður Gunnarsson, handknattleiksmaður
1990 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1991 Sigmar Þröstur Óskarsson, handknattleiksmaður
1992 Þorsteinn Hallgrímsson, kylfingur
1993 Þorsteinn Hallgrímsson, kylfingur
1994 Andrea Elín Atladóttir, handknattleikskona
1995 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1996 Logi Jes Kristjánsson, sundmaður
1997 Hlynur Stefánsson, knattspyrnumaður
1998 Hlynur Stefánsson, knattspyrnumaður
1999 Birkir Kristinsson, knattspyrnumaður
2000 Ingibjörg Jónsdóttir, handknattleikskona
2001 Íris Sæmundsdóttir, knattspyrnukona
2002 Vigdís Sigurðardóttir, handknattleikskona
2003 Ingibjörg Jónsdóttir, handknattleikskona
2004 Margrét Viðarsdóttir, knattspyrnukona
2005 Örlygur Helgi Grímsson, kylfingur
2006 Sæþór Ólafur Pétursson, hnefaleikamaður
2007 Sigurður Bragason, handknattleiksmaður
2008 Andri Ólafsson, knattspyrnumaður
2009 Þórhildur Ólafsdóttir, knattspyrnukona

Íþróttamaður æskunnar

Ársþing Íþróttabandalags Vestmannaeyja, haldið 8. maí 2003, samþykkti að taka upp sérstaka viðurkenningu, og sá er hana hlyti, fengi nafnbótina Íþróttamaður æskunnar. Skal sama valnefnd og sér um val á Íþróttamanni Vestmannaeyja, sjá um þá viðurkenningu.
Skal miða aldur Íþróttamanns æskunnar við 14 ára til og með 18 ára.

2003 Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona
2004 Tanja Björg Sigurjónsdóttir, fimleikakona
2005 Ester Óskarsdóttir, handknattleikskona
2006 Kristrún Hlynsdóttir, fimleikakona
2007 Arnór Eyvar Ólafsson, knattspyrnumaður
2008 Hallgrímur Júlíusson, golfari
2009 Sigríður Lára Garðarsdóttir, handknattleiks og knattspyrnukona, golfari

Ársskýrsla Golfklúbbs Vestmannaeyja starfsárið 2009

Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 4. desember 2008 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn starfsárið 2008-2009 og skipti stjórn svo með sér verkum: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Hörður Óskarsson, gjaldkeri, Ragnar Baldvinsson, ritari og Böðvar Bergþórsson, meðstj. Til vara voru kjörnir Sigurjón Pálsson og Jón Árni Ólafsson.

Haldnir voru 13 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum og ýmsir vinnufundir vegna sérstakra verkefna.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Páll Einarsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:
Kappleikjanefnd: Jón Árni Ólafsson form.
Vallarnefnd: Ragnar Baldvinsson form
Húsnefnd: Haraldur Óskarsson form.
Aganefnd: Kristján Ólafsson form.
Unglinga og afreksnefnd: Sigurjón Pálsson form.
Markaðs og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.
Kvennanefnd: Guðrún Erlingsdóttir form.
Öldunganefnd: Gunnar Gunnarsson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:
Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir.
Vallarstjóri: Örlygur Helgi Grímsson.
Aðstoðarvallarstjóri: Guðgeir Jónsson
Yfirþjálfari: Karl Haraldsson.

Auk þess starfaði fjöldi annarra starfsmanna hjá klúbbnum í ár eða um 20 manns, þar af fjórir unglingar frá vinnuskóla Vestmannaeyjabæjar.
Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV situr í stjórn GSÍ og er góður tengiliður klúbbsins við sambandið.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

Mótahald

Eins og undanfarin ár var kappleikjahald á vegum klúbbsin líflegt og var skráð mótahald eftirfarandi:

Tegund	fjöldi móta	heildarfj þátt.	Meðaltal
Vetrarmót	1	26	26
Sumarmót	14	1009	72
Lokuð mót/fyrir.	2	164	82
Samtals	17	1.199	71

Alls voru haldin 17 mót í ár, heildarþáttakendafjölda var 1.199 manns og meðalþátttaka því 71 kylfingar í móti sem er yfir meðaltali undanfarinnar ára. Við vorum með færri mót en stærri.

Íslandsmótið eldri kylfinga í höggleik var haldið hér í Eyjum dagana 18-20 júní keppendur voru 117 í karla- og kvennaflokkum.

Íslandsmeistari karla í flokki 55 – 69 ára varð Vestmannaeyingurinn Jón Haukur Guðlaugsson GO og Íslandsmeistari kvenna varð 50 – 65 ára varð María Málfríður Guðnadóttir GKG. Í flokki karla 70 ára og eldri varð Íslandsmeistari Magnús R. Jónsson GR og í flokki kvenna 65 ára og eldri varð Sigrún Margét Magnúsdóttir GK Íslandsmeistari.

Mótið var endað með skemmtilegu lokahófi í golfskálanum og tókst í alla staði mjög vel en 19 keppendur frá GV tóku þátt í mótinu.

Stærsta opna mót GV var eins og undanfarin ár Icelandair Volcano Open sem var nú haldið í fjórða skipti í samstarfi við Icelandair sem kom að mótinu með miklum myndarskap sem fyrr. Mótið var haldið goslokahelgina og byrjaði föstudaginn 3. júlí. Keppendur voru 223 og var skipt í tvo ráshópa, fyrri hópurinn hóf keppni báða dagana fyrir hádegi og seinni ráshópurinn eftir hádegi. Keppt var eins og áður með svokölluðu "shotgun" fyrirkomulag (allir ræstir út í einu). Icelandair Volcano open mótið er komið til að vera sem eitt vinsælasta opna mót sumarsins á landinu öllu og er undirbúningur fyrir mótið á næsta ári þegar hafinn og búist er við því að mótið fyllist snemma á næsta ári. Mótið í ár var líklega of fjölmennt. Mótið er orðið það vinsælt að setja þarf þak á fjölda þátttakenda og hefur verið tekin ákvörðun um heildarþátttakendafjölda 208 manns (2 x 104). Icelandair Volcano open verður haldið 2. Og 3. Júlí 2010.

Önnur fjölmenn mót voru:

Stöðvakeppnin16. maí 83

Golfmót Sparisjóðsins og VÍS 6. júní 76

Meistaramót GV -10. Júlí 78 (yngri talin með)

Árið 2009 var ekki, í fyrsta sinn í langan tíma, haldið stigamót í Eyjum á vegum GSÍ og er það miður en samkvæmt tillögum mótanefndar GSÍ fyrir árið 2010 verður verður fyrsta stigamótið haldið hér í Eyjum í lok maímánaðar. Mótanefnd GSÍ leggur einnig til að Íslandamót unglinga verði haldið í Eyjum dagana 16-18 júlí næsta sumar.

Völlurinn og Golfskálinn

Völlurinn var að vanda í góðu ástandi og fengum við m.a. mjög góða dóma frá erlendum úttektaraðilum sem komu og tóku út flesta 18 holu velli landsins.

Helstu framkvæmdir á og við völlinn væru þær að glompa við 15.flöt var hlaðin og gervigrasstígur lagður við 15.teig. Svæðið við15.flöt og 16.teig lagað og göngustígur gerður fram að brautarbyrjun á 16.braut. Göngustígur að 17.teig hlaðinn og lagaður. Auk ýmissa minni lagfæringa á vellinum. Næsta

sumar verður haldið áfram við lagfæringar á velli, bönkerar hlaðnir, stígar lagfærðir ofl.

Vonandi tekst okkur að gera Marteinsbrúnna næsta sumar en Ragnar Baldvinsson hefur unnið hugmyndavinnu að því verki, sem og endurgerð á hleðslum við skála og endurreisn gamla kartöfluskúrsins við 1.teig.

Í sumar var keyptur 6 hjóla vinnubíll sem kostaði um 1,3 miljónir króna.

Mikið er búið að leggja í tækjageymsluna, geymslan er að verða hin glæsilegasta 300 fm með aðstöðu fyrir starfsmenn, stendur kostnaður við hana nú í umþb 20 millj og áætlum við að kr. 6-7 millj séu eftir til að klára húsið.

Engar framkvæmdir voru í skála í ár, vonir standa til að hægt verði að stækka salinn með því að opna inn í golfhermisherbergið nú í vetur.

Þjóðhátíð og golfvöllur: Þjóðhátíðin í ár var með þeim stærri og með breytingum á samgöngum milli lands og Eyja á næsta ári, þe Bakkafjöru er viðbúið að þjóðhátíðargestum fjölgi til muna, með tilheyrandi auknu álagi á golfvöllinn. Völlurinn er meira og minna úr leik í 7 – 10 daga og kemur það að sjálfsögðu niður á starfssemi GV. Á 6.braut verða ár hvert skemmdir eftir einnota kolagrill, tjaldbruna og ekki hefur að öllu leiti tekist að losna við bíla sem fólk gistir í af brautinni. Stjórn GV ætlar í viðræður við þjóðhátíðarnefnd og bæjaryfirvöld um með hvaða hætti við getum takmarkað sem mest það svæði sem fer undir tjöldun og aukið gæslu á svæðinu til að koma sem mest í veg fyrir skemmdir á vellinum og fækka þeim dögum sem völlurinn er úr leik vegna þjóðhátíðar. Undanfarin ár hefur stjórn og starfsmenn GV átt mjög gott samstarf við þjóðhátíðarnefnd sem hefur sýnt skilning á málinu.

Unglinga og afreksstarf

Unglinga og afreksstarf er mikilvægur þáttur í starfi klúbbsins, góðir kylfingar eru andlit klúbbsins út á við og þekking þeirra og afrek skilar sér til allra félagsmanna á ýmsan hátt.

Karlasveit GV keppti í 1. deild og fór keppnin fram á Akureyri. Sveit GV endaði í sjötta sæti og keppir því áfram í fyrstu deild á næsta ári. Sveitina skipuðu eftirtaldir aðilar: Liðsstjórar: Haraldur Óskarsson og Sigurður Bragason, aðstoðarliðsstjóri Sigurjón Aðalsteinsson, keppendur Júlíus Hallgrímsson, Örlygur Helgi Grímsson, Gunnar Geir Gústafsson, Karl Haraldsson, Þorsteinn Hallgrímsson, Hallgrímur Júlíusson, Sveinn Sigurðsson og Rúnar Þór Karlsson.

Öldungasveit karla keppti í Sveitakeppni sem haldin var á Flúðum 27. ágúst sl og vann ekki til afreka.

Ekki náðist að manna sveit fyrir Sveitakeppni unglinga í sumar, veikindi og sumarfrí tóku sinn toll.

Unglingar okkar æfðu af kappi í sumar eins og undanfarin ár. Árangur þeirra hefur verið góður og sjást merki um miklar framfarir og er hópurinn orðinn breiðari. Eins og sl tvö ár hefur Hallgrímur Júlíusson jr verið þar fremstur meðal jafningja. Hallgrímur er eini kylfingur GV sem tekur þátt í öllum stiga-og íslandsmótum GSÍ í sínum aldursflokki, hann er í landsliðshópi GSÍ. Sveinn Sigurðsson og Hallgrímur kepptu fyrir hönd GV á Akureyri í sveitakeppni GSÍ 1.deild.

Hallgrímur náði ekki að verja sína Íslandsmeistaratitla frá síðasta ári, enda var hann að keppa við flesta sér eldri og reyndari en mun án efa mæta sterkur til leiks næsta sumar.

Golfævintýrið í Eyjum féll niður í sumar þar sem ekki náðist nægur fjöldi þátttakenda aðeins um 20 krakkar voru hugsanlega á leið til Eyja á ævintýrið. Undanfarin ár hefur þátttakendum af fastalandinu farið fækkandi en þetta er í fyrsta sinn sem fjöldi þeirra fer niður fyrir 60 keppendur. Næsta sumar eru hugmyndir uppi um að halda ævintýrið í samstarfi við PGA félagið á Íslandi, í gangi er vinna um samstarfið, en hugmyndin varð til eftir lokaverkefni Karls Haraldssonar í PGA skólanum um Golfævintýrið. Mikilvægt væri að hefja Golfævintýrið upp að nýju.

Golfskóli Sparisjóðsins starfaði eins og undanfarin ár og gekk mjög vel. Þátttakendur voru rúmlega 80 og ánægjulegt að sjá hversu öflugur golfskólinn er orðinn. Eins og sl.sumar var nemendum skipt í aldursflokka og æfa þau 1,5 klst á dag 4 daga vikunnar í Júní og júlí.

Auk Karls Haraldssonar störfuðu við skólann þau Arna Sigurbjörnsdóttir, Sveinn Siguðrsson og Hallgrímur Júlíusson.

Úthlutað var úr minningarsjóði Gunnlaugs Axelssonar í sumar Hallgrími Júlíussyni var úthlutað kr. 50.000 vegna góðs árangurs og ástundunnar golfíþróttarinnar.

Á aðalfundi GV 2008 færðu aðstandendur Sveins Magnússonar klúbbnum peningagjöf að upphæð 273,000- til minningar um hann. Gjöfin var gefin til unglingastarfs GV.

Á afmælishófi GV sem haldinn var í des sl afhefnti Forseti ÍSÍ klúbbnum viðurkenningu sem fyrsta fyrirmyndarfélg ÍSÍ í Eyjum. Er þetta góður gæðastimpill á starfsemi GV.

Félagsstarf, félagaþing

Eins og flestum er kunnugt þá er GV þriðji elsti klúbbur landsins með elsta völlinn, GV er öflugur klúbbur, sem stendur vel félagslega, félagar GV eru og hafa ætíð verið boðnir og búnir til þátttöku í sjálfboðaliðavinnu eða hverju því sem styrkir klúbbinn okkar og fyrir það ber að þakka. Golfvöllurinn og klúbburinn okkar væri ekki í þeim gæðaflokki sem hann er í í dag nema fyrir félagsmennina og með góðum stuðningi bæjarins og fyrirtækja hér í Eyjum.

Næsta sumar er fyrirhugað að fara í golfferð til Skotlands dagana 5- 10 maí, síðustu Skotlandsferðir hafa hepnast vel og virðist áhuginn mikill fyrir næstu ferð, en milli 35 og 40 félagsmenn hafa skráð sig. Vinna við skipulagningu ferðarinnar hefur verið í höndum þeirra Gunnlaugs Grettissonar, Harðar Óskarssonar og Haraldar Óskarssonar (Three Amigos).

Fyrir fimm árum síðan eða haustið 2004 héldum við gott félagaþing í tengslum við aðalfund þar sem um 30 félagar unnu í hópavinnu að stefnumálum klúbbs-ins til 5 ára. Margt í þeirri vinnu hefur nýst vel í starfinu og nauðsynlegt er að virkja félagsmenn og þeirra hugmyndir. Hefur stjórn rætt um að halda samskonar félagaþing í byrjun næsta árs og verður það auglýst nánar síðar. Við þurfum að halda vel um okkar félagsstarf, efla andann og fjölga félögum, hvort sem er Eyjamönnum eða öðrum aðilum búsettum á fastalandinu eða erlendis.

Fjármál og rekstur

Gjaldkeri mun gera grein fyrir ársreikningi klúbbsins hér á eftir. Daglegur rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og hafa tekjur hækkað um 5% á milli ára, eru nú um 44.700.000 en auk þess fengum við framkvæmdastyrk frá Vestmannaeyjabæ uppá kr. 4 milljónir þannig að tekjur í heild hækkuðu um 15%. Rekstrarkostnaður eykst um 2% aðallega vegna launa. Langtímaskuldir klúbbsins eru í JPY og CHF og hafa haldið áfram að hækka vegna veikingar krónunnar. Gjalddagi lánanna er í októbermánuði og er næsti gjalddagi í október árið 2010, lánin eru í skilum en ljóst er að heildarskuldir eru of háar og hefur stjórn klúbbsins verið í góðu sambandi við okkar lánadrottinn, Íslandsbanka, og mun eiga samstarf og viðræður við bankann um að tryggja eðlilega skuldsetningu og rekstur til framtíðar. Lausafjárstaða GV er góð en til eru í dag um 5 milljónir króna í lausu fé.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum 18.desember 2008 sérstakt framlag til GV að upphæð 4 miljónir króna til lagfæringar á umhverfi vallarins, göngustígagerðar og viðgerðar á velli og hefur það verið nýtt vel til þeirra framkvæmda.

Síldarútvegsnefnd færði GV 1 milljón króna að gjöf í sumar en það var hluti af myndarlegri upphæð sem nefndin veitti íþróttahreyfingunni í Eyjum og kunnum við bestu þakkir fyrir.

Undanfarin ár hefur verið leitast við að halda árgjöldum eins lágum og frekast er unnt og hefur GV verið með lægstu árgjöld sambærilegra klúbba sem reka sjálfir 18 holu völl.

Nauðsynlegt er að auka tekjurnar til að standa

Samanburður árgjalda milli klúbba með 18 holu golfvöll í rekstir

	Árgjald	Vallargjald	Nýliðagjald	Öldungagj.	Hjónagj	Námsm.	Aukaaðild	14-17 ára	13.ára yngri
GA	51.000	3.500	35.000	29.000	91.800			21.000	15.000
GS	55.000	4.500	40.000	30.000	85.000	30.000	35.000	25.000	20.000
Kjölur	62.000	3.800	62.000	31.000	105.000			28.000	21.000
GR,	68.000	6.400	102.000	34.000		34.000		24.000	
GK	68.000	4.500	102.000	43.000				31.500	
GKG	69.000	4.500	**103.500**	45.000				34.500	27.600
GO	76.000	6.800	111.000	50.000				24.000	
GV	**45.000**	**4.000**	**25.000**	**15.000**	**70.000**	**25.000**	**25.000**	**20.000**	**15.000**
Meðaltal	64.143	4.857	79.357	37.429	93.933	32.000	35.000	26.857	20.900
GV - meðt.	19.143	857	54.357	22.429	23.933	7.000	10.000	6.857	5.900

undir þeim rekstri sem Golfklúbbur Vestmannaeyja stendur fyrir. Eitt af því sem stjórn telur nauðsynlegt að leggja fyrir aðalfund er að hækka árgjöld eins og eftirfarandi.

Skipting félagsmanna		Gjaldskrá 2009	Tillaga um breytingu
Fullt gjald	120	45,000,-	50,000,-
Hjón	30	35,000,-	45,000,-
70.ára +	15	15,000,-	25,000,-
NL.gj. 1ár	36	25,000,-	30,000,-
NL.gj. 2.ár	22	25,000,-	30,000,-
Nemagj.	17	25,000,-	30,000,-
Aukaaðild	24	25,000,-	30,000,-
14-16 ára		20,000,-	20,000,-
16-18 ára		25,000,-	20,000,-
13 ára og yngri		15,000,-	20,000,-

Samkvæmt ofangreindri tillögu þá er hjónum veittur 10% afslátt af fullu gjaldi og 70 ára og eldri er veittur 50% afslátturur af fullu gjaldi. Lagt er til að 14-16 ára og 16 – 18 ára greiði sama gjald, og þar með fella út hækkun á árgjaldi við 16 ára aldur. Ofangreindar tillögur, verði þær samþykktar færa GV tekjuaukningu allt að 1.500.000.

Þrátt fyrir þessar hækkanir mun GV vera áfram með lægstu árgjöld þeirra klúbba sem við berum okkur saman við.

Að lokum

Þann 1. Júlí 2010 verður tekin í notkun ný höfn í Bakkafjöru í Landeyjum. Ljóst er að þessi nýi samgöngumáti mun valda straumhvörfum í ferðamennsku og möguleikum Golfklúbbs Vestmannaeyja til sölu og markaðssetningar á Golfvellinum í Herjólfsdals. Við þurfum að fara yfir þá kosti og hugsanlega galla sem þessu tækifæri fylgja og hvað við þurfum að gera til að nýta okkur þá til fulls. Þessa vinnu þurfum við að vinna í samráði við bæjaryfirvöld, ferðaþjónustuaðila og aðra hagsmunaaðila.

Golfklúbbur Vestmannaeyja hefur verið aðili í samtökunum Golf Icelanda (sjá www.golficeland.org) sem eru samtök golfvalla og ferða-þjónustuaðila sem hefur það að markmiði að auka sókn erlendra kylfinga til Íslands og auka þar með tekjur aðildafélaga af vaxandi ferða-þjónustu í golfi. Samtökin hafa m.a. staðið fyrir ýmissi upplýsingaöflun, markaðssetningu og uppbyggingu viðskiptatengsla fyrir aðildarfélögin. Í sumar var gerður samningur við IAGTO (www.iagto.com) um úttekt þeirra á öllum íslenskum golfvöllum og stefnumótunarvinnu sem þeir gerður fyrir Ísland sem golfáfangastað. Auk þess urðu að-ildarklúbbarnir, þmt. GV aðilar að þessum stærstu „golfferðaiðnaðarsamtökum“ í heiminum. Er GV heimilt að nota merki IAGTO í sinni markaðs-setningu sem er gæðastimpill á starfsemina. Í úttekt IAGTO á golfvöllum á Íslandi segir eftirfarandi um golfvöllinn í Vestmannaeyjum: „For golfers, a visit to Vestman Islands is likely to be one of their best experiences of Golf Destination Iceland“. Þessi orð segja allt sem við þurfum að heyra um þau verðmæti sem við eigum í golfvellinum og umhverfinu hér í Eyjum, þetta þurfum við að nýta okkur áfram.

Í vetur verður skrifstofa opin virka daga frá 14.00 – 16.00 þar sem daglegum rekstri klúbbsins verður stjórnað af framkvæmdastjóra, kaffifundir verða á þriðjudögum og hvetjum við alla til að mæta í kaffi og spjall, gott spjall er undanfari margra góðra verka.

Ég vil að lokum þakka stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 11. nóv. 2009
f.h. stjórnar. Helgi Bragason,

Ársskýrsla Fimleikafélagsins Ránar starfsárið 2009

Á síðasta aðalfundi var stjórn Ránar kosin eftirfarandi:

Formaður: Anna Hulda Ingadóttir
Varaformaður: Ása Ingibergsdóttir
Gjaldkeri: Sigfríð Björgvinsdóttir
Innheimtustjóri: Helga Henrietta Aaberg
Ritari: Jóhanna Inga Jónsdóttir
Meðstjórnendur: Fjóla Finnbogadóttir og Símonía Helgadóttir

Í byrjun árs var kosin fimleikamaður ársins 2008 og var það Ingibjörg Ósk Ólafsdóttir.

Mót:

Í almennum fimleikum var farið á Íslandsmót og Meistaramót. Þar kepptu 32 börn fyrir Rán og var afraksturinn 46 verðlaunapengingar og Íslandmeistari í 2. þrepi stúlkna.

Í áhaldafimleikum var farið farið á Þrepamót FSÍ með 4 stúlkur einnig var farið á Aðventumót Ármanns með 10 stúlkur sem komu heim með 1 verðlaunapening.

Í hópfimleikum var farið á Unglindamót með tvo hópa þar á meðal mix-hóp svokallaðan þar sem drengir og stúlkur keppa saman í liði og var þetta í fyrsta skipti sem Rán sendir slíkan hóp frá sér. Þarna lenti stúlknahópurinn í 3. sæti samanlagt og tryggði sér þátttöku á Íslandsmótinu þar sem þær urðu Íslandsmeistarar á dýnu og 2. sæti samanlagt. Í maí fór þessi hópur á Deildarbikarmót á Egilstöðum þar sem þær unnu mótið og urðu Deildarmeistarar í 3. flokki sem er einn besti árangur félagsins í langan tíma. Á haustmót fóru svo þrjú lið og mix-hópurinn kom heim með gullverðlaun.

Vestmannaeyjamót í áhaldafimleikum var um miðjan mars og þar varð Hrafnhilur Stefánsdóttir Vestmannaeyjameistari í 6. þrepi.

Vestmannaeyjamót í almennum fimleikum var í lok apríl og Vestmannaeyjameistarar urðu eftirfarandi:

1.þrep: Ása Elín Helgadóttir og Daníel Smári Víkingsson
2.þrep: Ásta Lilja Gunnarsdóttir og Tindur Snær Sigurbjörnsson
3.þrep: Nanna Berglind Davíðsdóttir
4.þrep: Ingibjörg Ósk Ólafsdóttir

Þjálfarar félagsins á árinu: Svanfríður Jóhannsdóttir yfirþjálfari, Alexandra Evudóttir, Don G. Anweiler, Guðrún Benónýsdóttir, Laufey Ársælsdóttir, Kristín Rannveig Jónsdóttir, María Rós Sigurbjörnsdóttir, Thelma Rut Grímsdóttir, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir

Aðstoðarþjálfarar voru: Nanna Berglind Davíðsdóttir, Þóra Fríða Ólafsdóttir og Ævar Örn Kristinsson

Dómarar voru þjálfarar innan félagsins ásamt Önnu Kristínu Magnúsdóttir og Barböru Hafdísi Þorvaldsdóttir.

Viðburðir:

Félagið var með fimleikaskóla fyrir yngstu börnin. Félagið var með sýningarhópa á Sumardaginn fyrsta, Sjómannadag, 17. júní og Þjóðhátíð. Félagið tók þátt árlegum hreinsunardegi bæjarins og sáu um að hreinsa svæðið í kring um Íþróttahúsið og svo var endað í grilli við Ráðhúsið. Árleg vorsýning var 10. maí sem heppnaðist mjög vel. Sumarnámskeið á vegum félagsins var að þessu sinni haldið í samstarfi við Óðinn frjálsíþróttafélagið þar sem hollustan var í fyrirrúmi. Í júni tóku 35 börn þátt í æfingabúðum með sænskum þjálfurum sem félagið stóð fyrir. Félagið seldi varning á Sjómannadag, 17. júni og goslok ásamt því að selja ÍBV flos fyrir Þjóðhátið og sjá um vakt-ir á bílastæði, sem okkur var vel hrósað fyrir. Jólasýningin var haldin um miðjan desember. Þá voru veitt verðlaun fyrir árið, þar hlaut Kristbjargarbikarinn Hrafnhildur Stefánsdóttir sem var valin efnilegust og Gígja Sunneva Bjarnadóttir fékk Ránarstyttuna fyrir besta árangurinn yfir árið. Þá var einnig fráfarandi formaður Kristín Ásmundsdóttir gerð að fyrsta Heiðursfélaga hjá Rán.

Í lok vorannar var iðkendafjöldi hjá Rán um 165 börn, þar með talið börnin í fimleikaskólanum. Í lok haustannar var iðkendafjöldi um 185 börn.

Félagið keypti áhöld og tækjabúnað fyrir um 850.000 krónur.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum sem hafa lagt okkur lið og einnig þeim sem hafa styrkt okkur á einn eða annan hátt.

Fyrir hönd stjórnar.
Anna Hulda Ingadóttir, formaður

Ársskýrsla KFS starfsárið 2009

Árið 2009 er eitt besta ár KFS frá upphafi og voru nokkur metin slegin þetta sumarið, en meira að því síðar. Undanfarin ár hefur starfsemi KFS verið tvískipt yfir vetrarmánuðina, æfingum haldið úti í Eyjum og í Reykjavík. Þetta hefur gert það að verkum að leikmenn hafa ekki leitað til annara liða til að æfa og spila með. Frá áramótum og fram að vori hélt félagið eitt og sér úti æfingum í Reykjavík, á KR svæðinu og hjá Stjörnunni. Töluvert af leikmönnum stundar nám í Reykjavík og aðrir eru búsettir þar og starfa en spila samt áfram með KFS þar sem þetta er í boði.

KFS hóf leik í Lengjubikarnum (deildarbikar) í mars og lék í C deild ásamt Árborg, Augnabliki, Sindra og Afríku. Framan af því móti hefur leikur liðsins verið að slípast til og sem dæmi léku 25 leikmenn þessa fjóra leiki. Liðið vann tvo leiki og tapaði tveimur og endaði í 3. sæti riðilsins.

Samstarf ÍBV og KFS hefur verið mikið og gott á mörgum sviðum í mörg ár. Undanfarin ár hefur KFS fengið nokkra leikmenn frá ÍBV fyrir Íslandsmótið og það var eins í ár. Tveir leikmenn komu á láni til félagsins, þeir, Anton Bjarnason og Egill Jóhannsson. Voru þeir mikill liðsstyrkur fyrir KFS og náðu sér í góða leikreynslu, þó spilað sé í 3. deild. Þá var sú nýbreytni gerð að 2. flokkur ÍBV spilaði undir merkjum KFS/ÍBV og voru leikmennirnir því gjaldgengir til að spila bæði með KFS og ÍBV. Munaði það miklu fyrir KFS. Það fyrirkomulag gekk vel fyrir sig og var almenn ánægja með það.

Í Visa-bikarnum féll KFS út í annarri umferð, sigraði KFR 1-2 í fyrstu umferð en tapaði svo fyrir Víði Garði 1-2. Eftir Lengjubikarinn var um mánaðar pása í leikjum en fyrsti leikur í 3. deild var þann 21. maí. KFS lék í B riðli ásamt Álftanesi, Augnabliki, Þrótti Vogum, KB og KFR. Leikin var þreföld umferð. Fyrsti leikur var gegn Augnabliki en þessi lið áttust við í Lengjubikarnum og þar hafði Augnablik betur 5-2. Fyrir mót var stefnan sett á úrslitakeppnina í deildinni, þrátt fyrir hrakfallaspár annarra spekinga. Því var mikilvægt að byrja mótið vel. Þessi leikur fór fram á Týsvellinum og það var ljóst strax í upphafi leiks hvort liðið ætlaði sér sigur. Eftir 16 mín. leik var KFS komið í 3-0. Fór svo að leikurinn endaði 6-0.

Til að gera langa sögu stutta þá var þetta sumar eitt það besta í sögu KFS, amk. hvað tölfræði varðar. Félagið fór taplaust í gegnum riðlakeppnina, vann 10 leiki og gerði 5 jafntefli, skoraði 54 mörk og fékk aðeins á sig 9 mörk, fæst allra liða í 3. deildinni þetta sumarið! Þá vannst stærsti sigur í sögu félagsins (þó ekki fyrirrennara) en það var á Hásteinsvelli gegn Augnabliki í síðasta leik fyrir Þjóðhátíð. Vannst leikurinn 13-0 og skoraði Sæþór Jóhannesson 4 mörk í leiknum. Unnust þessir þrír leikir gegn Augnabliki samtals 24-1. KFS endaði riðlakeppnina í fyrsta sæti riðilsins með 35 stig, Álftanes var í öðru sæti með 28 stig. Liðið var því komið í úrslitakeppnina og lék þar gegn Hvíta riddaranum í 8 liða úrslitum en þeir enduðu í 2. sæti síns riðils. Í úrslitakeppninni er leikið heima og heiman og var fyrri leikurinn í Reykjavík. Vannst hann 3-1 eftir að Hvíti riddarinn hafði komist yfir. Í seinni leiknum var eins og leikmenn KFS teldu sig vera örugga áfram og var allt annað að sjá til liðsins en fyrr um sumarið. Liðið var undir 0-2 í hálfleik og samanlögð staða 3-3 og KFS færi áfram yrðu það lokatölur. En ótrúleg mistök sáust í leiknum og fór svo að fyrsta tap sumarsins var staðreynd, 2-5 og liðið fallið úr keppni.

Eftir á að hyggja má segja að það hafi komið sér vel fyrir fjárhag félagsins að fara ekki áfram í 4 liða úrslit því þá hefði tekið við ferðalag á Húsavík í leik gegn Völsungi. Það hefði farið langt með að rústa fjárhag félagsins að ferðast alla leið þangað. Það fór svo að KV og Völsungur fóru upp í 2. deild.

KFS hefur ávallt verið í góðu samstarfi við KSÍ og hafa starfsmenn sambandsins verið liðlegir þegar breyta hefur þurft leikjum, en það gerist ósjaldan vegna ófærðar. Þess má einnig geta að Hjalti hefur verið læknir 21 árs landsliðs karla í mörg ár.

Á glæsilegu lokahófi félagsins sem haldið var í október var Davíð Egilsson útnefndur leikmaður ársins en hann spilaði 16 af 19 leikjum sumarsins. Efnilegastur var Kjartan Guðjónsson en hann spilaði einnig með 2. flokki ÍBV. Markahæstur var Sæþór Jóhannesson með 12 mörk í 17 leikjum. Á lokahófinu var Hjalti Kristjánsson sæmdur gullmerki ÍBV héraðssambands af Þór Vilhjálmssyni. Tveir leikmenn spiluðu alla leiki félagsins, þeir Stefán Bragason og Ívar Róbertsson. Þrjátíu leikmenn spiluðu fyrir KFS þetta sumarið á móti 44 sumarið 2008 og má segja að það skýri að miklu leyti góðan árangur liðsins þetta árið.

Árið endaði svo á Íslandsmótinu í Futsal (innanhúss) og eins og undanfarin ár vorum við ÍBV í riðli og Hvöt, Íslandsmeisturum síðasta árs. KFS sigraði annan af tveimur leikjum gegn Hvöt en tapaði hinum. Báðir leikirnir gegn ÍBV töpuðust.

Til að sýna fram á mikilvægi Ferðajöfnunarsjóðs þá má taka það fram að hefði KFS komist upp í 2. deild og spilað þar sumarið 2010 væru ferðalögin eftirfarandi: Hafnarfjörður, Blönduós, Garður, Ólafsvík, Hveragerði, Egilsstaðir, Mosfellsbær, Sandgerði, Ólafsfjörður/Dalvík, Bolungarvík, Húsavík og Reykjavík. Það má ljóst vera að slík ferðalög þolir ekki félag með jafnlítin fjárhag og KFS, nema til komi verulegir ferðajöfnunarstyrkir. Því er mikilvægt að standa vörð um Ferðajöfnunarsjóðinn.

Fyrir Íslandsmót opnaði félagið nýja heimasíðu á slóðinni www.kfs.is en sú síða er hönnuð af Smartmedia og hýst hjá þeim. Þá var sú skemmtilega nýbreytni gerð í sumar að mörk liðsins á heimavelli voru sett á Youtube, en félagið er með svæði þar. Vakti það mikil og skemmtileg viðbrögð og biðu menn spenntir eftir að fá inn nýjustu myndböndin þar inn. Er það Sæþór Jóhannesson sem á stærstan heiðurinn af þessu.

Í lokin er hér stutt samanatekt úr grein sem skrifuð var eftir Íslandsmótið, um allan þann fjölda leikmanna sem spilað hefur fyrir KFS.

Framherjar og Smástund voru sameinuð undir merki KFS þann 7. september 1997. Fyrsta leiktímabilið var árið 1998. Á þessum tólf árum hefur fjöldinn allur af leikmönnum leikið með félaginu, eða 137 leikmenn alls sem spilað hafa leiki KFS í 2. og 3. deild (skv. vef KSÍ). Menn úr mörgum starfsstéttum og flóru mannlífsins hafa spilað, m.a. prestur, lögregluþjónar, læknir, sjómenn, tryggingasölumaður, kóksölumaður, pepsísölumaður, tannlæknir, kerfisfræðingar, bakari, handboltastjörnur, sérsveitarmaður, iðjuleysingjar, flugmenn, blaðamenn, furðufuglar, útlendingar, bílasalar, fasteignasalar, pípulagningarmaður, hátekjumenn, lágtekjumenn, fyrrverandi atvinnum enn í knattspyrnu og svo mætti lengi telja. Sérstaklega virðast menn úr lögreglustétt sækjast í okkar lið (eða öfugt).

Misjafnt er milli ára hversu margir leikmenn spila á hverju tímabili. Fæstir voru þeir 1999 eða 28 leikmenn sem spiluðu það tímabil í 3. deild. Flestir leikmenn spiluðu hins vegar tímabilið 2008 í 3. deild, eða 43 leikmenn. Þá er gaman að rýna í nöfn þeirra leikmanna sem hafa spilað. Mest ásókn virðist vera hjá þeim sem heita Magnús og Sigurður, en sex leikmenn með hvoru nafni hafa spilað fyrir KFS. Næst eru það þeir sem heita Jóhann, eða fjórir leikmenn.

Stjórn félagsins skipa eins og undanfarin ár Óðinn Steinson, formaður, Hjalti Kristjánsson, framkvæmdastjóri og Hreggviður Ágústsson ritari.

f.h. KFS

Óðinn Steinson, formaður.

Ársskýrsla ÍBV íþróttafélags starfsárið 2009

Hefðbundið starfsár ÍBV Íþróttafélags hófst með Þrettándagleði félagsins. Hann var haldinn þann 9. Janúar 2009 og tókst mjög vel. Sú framkvæmd að halda Þrettándann á helgi virðist ætla að gefa góða raun og er sérstök ástæða til að þakka sérstaklega öllum þeim góða hópi sem leggur mikið að mörkunum til að hægt sé að gera Þrettándann að þeirri frábæru fjölskylduvænu skemmtun sem hann er. Þá er einnig rétt að þakka Vestmannaeyjabæ fyrir þeirra aðkomu og góðri samvinnu við ÍBV Íþróttafélag. Á næsta ári ber Þrettándann uppá fimmtudag þannig að við þurfum lítið að hnika dagatalinu til við framkvæmd Þrettándans á næsta ári.

Handboltinn gekk í heild sinni ágætlega. Inni á vellinum léku meistaraflokkar félagsins í B deild. Ötullega er unnið að uppbyggingu innan handboltans bæði innan vallar sem og utan vallar. Á handknattleiksráð mikið hrós skilið fyrir gott starf. Meistaraflokkur karla lauk keppni í 6. sæti 1. deildar árið 2009 og féll úr leik í 32 liða úrslitum gegn Fram. Meistaraflokkur kvenna lék í 2. deild og lauk leik í 7. sæti. Fór áfram í úrslitakeppni er féll úr leik þar gegn KA en liðið tók ekki þátt í bikarnum.

Eins og áður sagði er lögð áhersla á uppbyggingu innan vallar sem utan hjá handboltanum. Ráðið vinnur mjög vel og er samhent í því að skila góðri afkomu og greiða niður skuldir. Eins og fram kemur á eftir hefur það gengið mjög vel og er handboltinn á hraðri leið með að verða skuldlaust sem er frábær árangur.

Vetrarlok voru haldin í Höllinni og tókust mjög vel og skemmtu félagar sér þar hið besta. Handknattleiksfólk ársins voru valin þau Þórsteina Sigurbjörnsdóttir og Grétar Þór Eyþórsson.

Sumarið hjá okkur í ÍBV var að venju mjög skemmtilegt og mikið um að vera. TM mótið fór að venju fram í júnímánuði. Hefur það mót sótt í sig veðrið ár frá ári frá því fyrirkomulagi þess var breytt og mótið sniðið að 5. fl. Kvenna. Stöðugt aukning hefur verið á mótið af liðum og nú í ár er engin undantekning en bókanir á mótið hafa aldrei verið fleiri.

Shellmótinu var einnig breytt nokkuð á síðasta ári og stytt um einn dag. Það hefur gert það að verkum að enn meiri ásókn er í mótið og er það fullskipað liðum og komast færri að en vildu. Það er stefna okkar hjá ÍBV að þessi tvö mót verði þau allra flottustu á landinu og verður ekki annað séð en að allt bendi til þess að svo verði áður en langt um líður.

Vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að vinnu og skipulagningu á TM og Shell móti fyrir frábær og ómetanleg störf fyrir félagið.

Þá urðu framkvæmdastjóraskipti hjá félaginu á sl. ári. Friðbjörn Ólafur Valtýsson lét af störfum og Tryggvi Már Sæmundsson tók við keflinu. Tryggvi er af góðu kunnur í félaginu og hefur setið manna lengst í aðalstjórn og unnið ötullega að málefnum félagins s.s. í Þjóðhátíðarnefnd ofl. ÍBV Íþróttafélag býður hann velkominn til starfa. Þá lét Agnes

Einarsdóttir af störfum í bókhaldi félagsins og Sigfús Guðmundsson tók við því starfi. Þakkar ÍBV Agnesi fyrir góð störf og býður Sigfús velkominn til starfa.

Þjóðhátíðin er enn að þróast og verða enn betri og betri og hélt maður þó að það væri vart hægt. Hún tókst að sjálfsögðu gríðarlega vel á síðasta ári. Þær breytingar sem urðu á henni s.s. stækkun tjaldsvæða heimamanna, endurbyggingu sjoppa, tilfærsla á stóra sviði sem og stórir sjónvarpsskjáir voru allt breytingar sem skiluðu sér mjög vel. Nefna má að talverð aukning varð á sölu varnings í sjoppum sem skilar sér beint til meistaraflokkanna í auknum tekjum sem urðu talsverðar á síðustu Þjóðhátíð. Þá var jafnframt farið í að hafa fyrirkomulagið með því sniði að ÍBV Íþróttafélag sæi eitt um sölu í sjoppum og var það gert í góðu samkomulagi við alla aðila og skilar sem aftur sem auknar tekjur fyrir meistaraflokka félagsins. Tilfærslan á sviðinu hafði mikið að segja fyrir þægindi gesta í brekkunni sem og stórir sjónvarpsskjáir sem án efa eru komnir til að vera.

Þegar er hafinn undirbúningur fyrir næstu Þjóðhátíð og miðast hann við að geta getið við enn fleiri gestum en áður þekkist. Í því skyni m.a. er hafin bygging á aðstöðu í Dalnum þar sem verða varanlegar undirstöður undir stóra sviðið, geymslur, salerni og aðstaða fyrir starfsfólk. Þá er mikilvægt að geta boðið uppá fleiri tjaldstæði, bæði fyrir heimafólk sem og fyrir aðkomugesti. Það er talsvert gagnrýnt að tjaldað sé í bænum við hús en ÍBV getur ekki brugðist við því með öðrum hætti en að tryggja að nægjanleg tjaldstæði séu í boði í Dalnum og verður það gert.

Þjóðhátíðarnefndin á miklar þakkir skildar fyrir það hvernig staðið hefur verið að Þjóðhátíðinni. Hún hefur vaxið og dafnað jafnt og þétt hin síðari ár og mið tekin og stefnan sett rétt. Við verðum að sjálfsögðu að hlúa vel að Þjóðhátíðinni enda er hún okkar langmikilvægasta fjáröflun sem og einstök á allan hátt bæði fyrir okkur Eyjamenn sem og þá sem sækja okkur heim. Hún byggir á miklu sjálfboðaliðastarfsemi okkar manna og fyrir það ber ætíð að þakka enda væri Þjóðhátíðin ekki það sem hún er í dag ef slíkt starf sjálfboðaliða hefði ekki verið jafn mikið og ósérhlífið í gegnum árin.

Knattspyrnan sl. sumar var fjörug og skemmtileg. Meistaraflokkur karla stóð sem mjög vel í efstu deild og hélt sæti sínu þar og lauk keppni í 10 sæti með 22 stig og 6 stigum frá því ellefta. Þá dróst liðið í fyrstu umferð gegn FH á Hásteinsvelli og mátti þola tap í hörkuleik með 2 mörkum gegnum 3.

Meistaraflokkur kvenna lék í 1. deild B riðli og gerði sér lítið fyrir og vann riðilinn. Í úrslitum lagði ÍBV Sinda að velli og gerði síðan tvö jafntefli við FH og féll úr leik á minnsta mögulega hátt eða mörkum á útivelli. Aðeins grátlegt en um leið frábær árangur. Í bikarnum lagði ÍBV Aftureldingu/Fjölni að velli en féll síðar úr keppni gegn Fylki.

Í heild sinni mjög góður árangur. Meistaraflokkur

karla leikur meðal hinna bestu í erfiðri deild og meistaraflokkur kvenna samanstendur af mjög ungu liði sem áhersla er lögð á að byggja upp. Ráðin bæði stóðu sig mjög vel sl. ár og héldu vel utan um allan rekstur og eiga mikið hrós skilið fyrir gott starf.

Sumarlok ÍBV voru haldin og fjölmenntu félagar þangað og skemmtu sér hið besta. Knattspyrnufólk ÍBV var valið Kristín Erna Sigurlásdóttir og Andri Ólafsson.

Þá á félagið fjölmarga iðkendur í landsliðshópum: Í Evrópukeppni U 19 ára tóku þátt þær Þórhildur Ólafsdóttir, Elísa Viðarsdóttir, Kristín Erna Sigurlásdóttir og Saga Huld Helgasdóttir. Þá lék Sóley Guðmundsdóttir æfingaleiki með sama liði. Sigríður Lára Garðardóttir og Eiður Aron Sigurbjörnsson léku síðan æfingaleiki með U 17 ára sem og lék Eiður með 21 árs landsliði æfingaleik.

Handboltamegin var enginn iðkandi í landsliðshóp en fullvíst þykir að talsverð bragarbót verði á því á yfirstandandi ári.

Fjárhagur félagsins er í ágætu lagi og skilar félagið ágætum hagnaði vegna sl. árs. Við lækkum skuldir við lánadrottna um ca. 10 milljónir og eru þær nú um 60 milljónir. Langmestu munar að Þjóðhátíðin gekk mjög vel sem og voru meistaraflokkar réttum megin við núllið. Þegar að það gerist þá gengur rekstur félagsins vel og meiri peningar skila sér t.d. til yngri flokka. Þar aukum við t.d. við framlag til yngri flokka vegna ferðakostnaðar úr 2.5 milljónum í 4 milljónir og teljum við okkur standa mjög vel þar að málum, bæði með rekstur bifreiða, lágum æfingagjöldum og framlag til flokka vegna ferðakostnaðar. Framlög til meistaraflokka hafa aukist m.a. með auknum tekjum af Þjóðhátíð vegna breytts fyrirkomulags og endurnýjunar sjoppa en aðalstjórn stendur alfarið straum af þeim kostnaði sem þessu fylgir. Við leggjum nokkra áherslu núna á uppbyggingu inn í Dal vegna Þjóðhátíðar. Við vitum að það hafi ekki verið til peningar til þess áður en teljum nú að ekki sé lengur undan því vikist. Endurbygging sjoppanna tókst mjög vel og nú er hafin bygging rúmlega 200 fm. aðstöðu inní Dal. Ekki verða tekin lán fyrir því en miðaverð hækkað nú í sumar og kostnaði þannig mætt. Bærinn sér um jarðvinnu og ÍBV Íþróttafélag um bygginguna og á hana.

Á síðasta ári gerði ÍBV Íþróttafélag innanbúðarsamning þ.e. á milli aðalstjórnar annars vegar og meistaraflokka hins vegar. Samningur laut til þess að aðalstjórn myndi fella niður skuldir á meistaraflokka ef rekstur þeirra næstu þrjú árin væru réttu megin við núllið. Þetta hefur gengið eftir vegna ársins 2009 og því eru meistaraflokkar karla í knattspyrnu og handknattleiksráð og fá niðurfelldar um 8 milljónir hvor. Þá mun meistaraflokkur kvenna fá fjárframlög frá aðalstjórn skv. samningi. Þetta er mjög ánægjuleg þróun og gerir það mjög mikilvægt fyrir ráðin að hafa fjárhagslega

jákvæðan rekstur. Um leið verða til fjármunir sem nýtast í yngri flokka og allt annað starf félagsins og mun styrkja það mikið fjárhagslega sem og félagslega.

Nýtt fjölnota íþróttahús rís nú innan skamms hér vestan megin við Týsheimilið. Þetta er myndarlegt hús og mun gjörbreytta allra æfingaaðstöðu fyrir knattspyrnuna, ekki síst fyrir yngri flokka félagsins. Þá munu án efa verða frekari not fyrir húsið. Vestmanneyjabær á miklar þakkir skildar fyrir þetta framtak og þann skilning sem ÍBV Íþróttafélag nýtur og á að njóta hjá bænum. Við viljum nota tækifærið og þakka bænum fyrir góða samvinnu og samstarf á undanförnum árum.

Hafa verður þó í huga að nú standa yfir miklar náttúruhamfarir hér rétt norðaustan við Eyjarnar. Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá það að gosið í Eyjafjallafjökli getur haft áhrif hér hjá okkur og t.d. á Þjóðhátíðina. Flugumferð gæti raskast sem og hafa orðið tafir á uppbyggingu Landeyjarhafnar. Við vonum auðvitað það besta og málin gætu skýrst á næstu vikum og mánuðum þannig að ekki eru efni til þess nú að vera mjög svartsýnn. Rétt er þó að hafa þetta í huga að góð afkoma af Þjóðhátíð er ekki sjálfgefin og margt sem getur spilað þar inní.

En í dag stendur ÍBV Íþróttafélag styrkum fótum og hefur komið ágætlega út úr þeim hremmingum sem dunið hafa á landanum. Okkar styrkur hefur alltaf verið í grasrótinni og í sjálfboðaliðastarfseminni. Þar höfum við ekki orðið fyrir hremmingum. Við erum bjartsýn á framtíðina enda engin ástæða til annars. Stórbættar samgöngur á næsta leiti sem munu hafa mikla þýðingu og möguleika fyrir félagið. Þá standa yfir framkvæmdir sem munu stórbæta æfingaaðstöðu og síðast en ekki síst þá er fjárhagsstaða félagsins ágæt. Enn og aftur skal þó tekið fram að okkar styrkur eru félagar í ÍBV og að allir vinni að sama markmiðinu að styrkja félagið og styðja.

Aðalstjórn félagsins er að mínu mati vel skipuð og höfum við átt gott samstarf. Heildarhagsmunir félagsins eru hafðir í fyrirrúmi og áherslu lögð á að fjármálin séu í góðu lagi enda er það forsenda fyrir allt félagslegt starf. Aðalstjórn ÍBV Íþróttafélags var þannig skipuð á síðasta ári.

Undirritaður var formaður
Tryggvi Már Sæmundsson varaformaður
Olga Bjarnadóttir, ritari
Guðný Hrefna Einarsdóttir meðstjórnandi
Þórunn Ingvarsdóttir, meðstjórnandi
Varamenn:
Guðjón Gunnsteinsson og Sigurður Smári Benónýsson.

Ég vil að loka þakka stjórninni og félagsmönnum öllum fyrir mjög gott samstarf á sl. ári.

Jóhann Pétursson, formaður

PEPSI

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Óðins starfsárið 2009

Starfsemi Ungmennafélags Óðins var með hefðbundnum hætti árið 2009 og undanfarin ár.

Æfingar eru stundaðar í Íþróttamiðstöðinni yfir vetrarmánuðina og á malarvellinum Löngulág yfir sumarmánuðina.

Karen Inga Ólafsdóttir íþróttakennar, kom til starfa hjá okkur eftir nokkurra ára fjarveru á erlendri grund og hefur gert afbragðs góða hluti á stuttum tíma. Þjálfar hún yngri- og miðhóp en með Jónu Björk elsta hóp. Hefur hún yfirumsjón með þjálfun flokkanna.

Mikil gróska hefur verið í íþróttinni og góðir árangrar náðst. Bætingar miklar og frábærir krakkar í alla staði. Krakkarnir hafa vakið mikla athygli á mótum og hafa þjálfarar á meginlandinu hrósað þeirra getu mikið og trúa vart að við höfum enga aðstöðu til iðkunar miðað við árangur þeirra. Erum við mjög stolt af þeim öllum og hlakkar okkur mikið til að sjá enn fleiri bætingar hjá þeim þegar við loks fáum aðstöðu í fjölnota knattspyrnuhúsinu, sem nú er í byggingu. Við sjáum í hóp okkar framtíðar frjálsíþróttamenn og konur sem gætu í náinni framtíð komist í landslið frjálsíþróttaiðkenda með bættri aðstöðu eins og koma skal haustið 2010.

Nokkur Vestmannaeyjamet féllu sem voru mörg hver tugi ára.

Fjáraflanir félagsins eru þær sömu og undanfarin ár og hafa gengið ágætlega.

Bíðum spennt eftir nýrri aðstöðu í fjölnota knattspyrnuhúsi. Ný aðstaða, tartanbarutir, sandgryfja og góðar geymslur undir tæki okkar verður gerð í knattspyrnuhúsinu sem nú er í smíðum. Þetta verður bylting fyrir frjálsíþróttir í Eyjum. Þá fyrst getum við farið að bjóða upp á mót yfir vetrartímann. Mikil spenna og tilhlökkun er fyrir herlegheitunum hjá krökkunum, sem hafa fengið smjörþefinn af alvöru tartanvöllum og allri aðstöðu uppi á landi á mótum. Þau eru að missa sig yfir því að fá að æfa við sömu kjör og meirihlutii frjálsíþróttamanna. Fögnum við þessu mjög.

Íþróttamaður UMFÓ 2009 var kjörinn Ævar Örn Kristinnsson. Ævar er afburðar íþróttamaður sem hefur verið í stöðugri bætingu í öllum þeim greinum sem hann æfir. Hann er duglegur, jákvæður, samviskusamur og skemmtilegur peyi sem stundar æfingar sínar af miklum krafti. Sterkur spretthlaupari, langstökkvari og frábær hástökkvari. Kappsamur mjög.

Íþróttakona UMFÓ 2009 var kjörin Ármey Valdimarsdóttir. Ármey er líkt og Ævar, dugleg, jákvæð, samviskusöm og frábær stelpa í alla staði. Hún hefur bætt hraða sinn og styrk verulega, er frábær 200m hlaupari sem tekið var vel eftir af þjálfurum annarra liða á síðasta innanhússmóti. Fallegt hlaupalag og mikill styrkur hennar í 200m hlaupinu var auðsjáanlegur. Framtíðar íþróttakona hér á ferð.

Stjórn UMFÓ:
Jóna Björk Grétarsdóttir, formaður.
Ómar Garðarsson, varaformaður.
Grétar Ómarsson, gjaldkeri
Edda Björk Hauksdóttir, ritari.
Ragna Birgisdóttir, meðstjórnandi.

Ársskýrsla Körfuknattleiksfélags ÍBV starfsárið 2009-2010

Á síðasta aðalfundi Körfuknattleiksfélags ÍBV vorið 2009 urðu þær breytingar á skipan stjórnar félagsins að í stað Þorsteins Viktorssonar, Tómasar Jóhannessonar og Tómasar Guðjónssonar komu nýir félagar inn í stjórn, Sæþór Orri Guðjónsson, Elín Griffin og Jónatan Guðbrandsson. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar félagsins var að ráða þjálfara til félagsins en samningur félagsins við Björn Einarsson rann út vorið 2009. Eftir að viðræður við Björn runnu út í sandinn fljótlega eftir aðalfund var hafist handa við leit að nýjum þjálfara sem gæti borið hitann og þungann af þjálfun fyrir félagið. Nokkrir aðilar komu framan af sumri til greina og gáfu til kynna að þeir hefðu áhuga á verkefninu. Eftir þjóðhátíð kvað hins vegar við annan tón og stjórnin stóð uppi með engan valkost nema að leita eftir þjálfara erlendis frá fyrir eldri flokka félagsins en Júlíus Ingason samþykkti að taka að sér þjálfun minnibolta karla. Leitin að þjálfara erlendis frá fyrir eldri flokka félagsins tók miklu lengri tíma en lagt var upp með og er þar sumpart um að kenna stífu regluverki varðandi atvinnuleyfi útlendinga hér á landi.

Á meðan reynt var að hafa uppi á hæfum þjálfara til starfans skiptu nokkrir eyjapeyjar á sig æfingum eldri flokkanna. Sigurjón og Arnsteinn báru hitann og þungann af þjálfun meistaraflokks, drengjaflokks, 11. flokks og 10.flokks. Júlíus Ingason sá um 8. flokk ásamt því að þjálfa minniboltann og Kristján Tómasson tók að sér umsjón með þjálfun míkróboltans en það eru strákar og stelpur í 1-4 bekk. Það var svo loksins í lok október sem nýr yfirþjálfari félagsins, Nenad Musikic, kom til landsins og tók yfir þjálfun eldri flokka félagsins.

Nenad kom strax með ferskar áherslur inn í starfið og mikinn metnað til þess að ná árangri með krakkana. Starfið í vetur hefur mátt líða fyrir það hversu seint markvissar æfingar fóru af stað í haust og lærum við okkar lexíu á því. Það hefur hins vegar verið mikil vakning í iðkun hjá minniboltastrákunum og viljum við þakka gott starf Júlíusar Ingasonar þann árangur og hefur verið unun að fylgjast með gróskunni í kringum þennan hóp, ekki síður meðal foreldra drengjanna heldur en þeirra sjálfra. Iðkendum í míkróbolta hefur sömuleiðis fjölgað í vetur og er æfingasókn orðin nokkuð stöðug núna í þessum aldursflokki og vonandi komin til að vera.

Í drengjaflokki er nokkuð stöðugur kjarni iðkenda sem hefur tekið þátt í Íslandsmóti í drengjaflokki í vetur. Þar eru allir okkar drengir á yngra ári og eiga því talsvert inni fyrir næsta ár þegar þeir eru komnir á eldra ár í drengjaflokki.

Meistaraflokkur félagsins hefur eins og fyrri ár verið brokkgengur í vetur. Eins og oft áður byrjaði starfið af nokkuð miklum krafti og var góð æfingasókn til að byrja með en hefði mátt vera betri á síðari hluta timabilsins. Leikmannahópur meistaraflokks var nokkuð stór í vetur miðað við fyrri ár og hafa alls 24 leikmenn tekið þátt í lekjum liðsins í vetur. Framundan hjá meistaraflokki er úrslitakeppni 2. deildar karla og síðustu fjölliðamót vetrarins hjá yngri flokkunum og síðan tekur við undirbúningsstarf stjórnar fyrir næsta keppnistímabil.

Fljótlega eftir að nýi þjálfarinn var kominn til landsins fóru stjórnarmenn færandi hendi í 1-7 bekk og gáfu nýja körfubolta í alla bekkina. Þessu framtaki var vel tekið í skólanum og hefur vonandi nýst krökkunum vel í vetur.

Vegna ástandsins í efnahagsmálum var tekin sú stefnubreyting varðandi búninga leikmanna að í stað þess að leikmenn yngri flokka þurfi sjálfir að kaupa sér búning þá fjárfesti félagið í nokkrum búningasettum sem nýtast yngri flokkum félagsins í keppni. Þessi breyting sparar foreldrum kostnað og veitir víst ekki af þegar allir kostnaðarliðir hækka. Því til viðbótar var ákveðið að halda æfingagjöldum í lágmarki í vetur og eru æfingagjöldin í körfunni sennilega með því lægsta sem gerist á landsvísu. Eldri leikmenn greiða 12.000 kr fyrir veturinn en yngri

leikmenn 6.000 kr fyrir allan veturinn. Yngstu krakkarnir, 1-4 bekkur æfir frítt.

Það sem af er vetri hefur félagið fengið að halda tvö fjölliðamót, bæði mótin eftir áramót. Fyrst var haldið hér mót minniboltastráka 5. til 7. febrúar og var gerður rómur að því hversu vel mótshaldið hefði tekist. Aðkomuliðin fóru héðan hæstánægð og strákarnir voru ánægðir með sinn árangur í mótinu. Þeir unnu báða leiki sína fyrri mótsdaginn en voru óheppnir seinni daginn og töpuðu báðum leikjunum þann daginn. Frammistaða strákanna var engu að síður góð og verður gaman að fylgjast með þessum efnilegu strákum í framtíðinni. Síðara mótið sem var haldið hér helgina 12. til 14. mars síðastliðinn var í 8. flokki karla og gerðu okkar menn sér lítið fyrir og sigruðu alla sína leiki og hefja þess vegna keppni í b-riðli á næsta tímabili.

Undir lok tímabilsins gaf Körfuknattleiksfélag ÍBV út sitt árlega fjáröflunarblað og tókst vel til í þetta skiptið sem fyrr. Lagt var upp með að blaðið væri sneisafullt af fróðleik um körfuknattleik og íþróttaiðkun auk þess sem reynt var að kynna starfssemi félagsins á yfirstandandi vetri. Blaðinu var dreift í hús í Vestmannaeyjum fyrir páska og er einnig aðgengilegt á heimasíðu körfuknattleiksfélagsins www.ibvkarfa.net eins og fyrri útgáfur félagsins.

Fjárhagsleg staða félagsins í lok vetrar er viðunandi. Félagið er skuldlaust og bæði búninga- og boltamál í góðum farvegi. Stjórn félagsins hefur þó fundið fyrir því að erfiðara er að sækja styrki til fyrirtækja heldur en áður var og ljóst að einhverjar forsendubreytingar þurfa að eiga sér stað ef blómlegt íþróttastarf á að geta þrifist eins og hin síðari ár.

Þegar litið er yfir árangur af starfi vetrarins má vel við una miðað við aðstæður en framundan liggur fyrir að undirbúa næsta leiktímabil og göngum við rösklega til þeirra verka á vordögum.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla hefur átt brokkgengt tímabil en þó á liðið enn möguleika á að vinna sér sæti í úrslitakeppni 2. deildar sem fer fram um miðjan apríl næstkomandi. Alls hafa 24 leikmenn spilað með liðinu í vetur og skorað um 1275 stig í 17 leikjum. Liðið sigraði í 8 deildarleikjum en tapaði 8 leikjum. Sterkustu andstæðingar liðsins í vetur hafa verið Laugdælir en liðið hefur tapað öllum leikjum sínum gegn liði Laugdæla í vetur. ÍBV spilar í C riðli í 2 deild lauk keppni í þriðja sæti riðilsins og sem dugði fyrir þátttökurétti í úrslitakeppninni sem fór fram á Selfossi og á Laugarvatni um miðjan apríl. Liðið reið ekki feitum hesti frá úrslitakeppninni og er skemmst frá því að segja að draumar um að spila í fyrstu deild urðu ekki að veruleika þetta árið eins og stefnt var að. Það var engu að síður ánægjulegt að fylgjast með ungu strákunum í liði ÍBV í vetur en þeir hafa allir tekið miklum framförum.

Leikjahæstur í vetur og jafnfram stigahæstur er Sigurjón Örn Lárusson sem hefur átt gott tímabil með liðinu. Kristján Tómasson kemur næstur Sigurjóni í stigaskori en Kristján hefur þrátt fyrir ungan aldur axlað mikilvægt hlutverk í liði meistaraflokks en hann hefur stjórnað leik liðsins í flestum leikjum vetrarins.

Liðið tók að venju þátt í subway bikarkeppninni en féll úr leik eftir tap á móti úrvalsdeildarliði Breiðablikur í 16 liða úrslitum.

Drengjaflokkur karla

Á leiktímabilinu sem er að ljúka skráði ÍBV lið til leiks í drengjaflokki. Keppni í drengjaflokki er frábrugðin öðrum yngri flokka keppnum að því leyti að keppt er heima og að heiman í stað þess að spila marga leiki á fjölliðamótum. Gengi liðsins í vetur hefur ekki verið nógu gott en þrátt fyrir það hafa strákarnir lært mikið og munu klárlega koma tvíefldir til leiks á næsta ári. Það háði liðinu í vetur að allir leikmenn liðsins voru á yngra ári (og sumir jafnvel yngri) en drengjaflokkur er annar tveggja flokka þar sem tveir árgangar keppa saman. Í drengjaflokki keppa saman 17 og 18 ára drengir, í unglingaflokki 19 og 20 ára drengir. Þess utan var varamannabekkur liðsins frekar stuttur í vetur sem kom niður á okkur í erfiðum leikjum. Nokkrir yngri leikmenn komu við sögu í leikjum drengjaflokks í vetur og stóðu sig með prýði.

Að öðrum leikmönnum ólöstuðum hefur frammistaða Kristjáns Tómassonar staðið uppúr í vetur. Það sést best á stigaskorinu en Kristján hefur það sem af er tímabilinu skorað að meðaltali 32 stig í leik. Kristján var um áramótin valinn Körfuknattleiksmaður ÍBV og fékk afhentan bikar af því tilefni á verðlaunaafhendingu Héraðssambands ÍBV í janúar síðastliðnum.

Minnibolti Karla

Í minniboltanum, sem skipaður er leikmönnum 11 ára og yngri er öflugur kjarni 10-11 leikmanna sem mæta á hverja einustu æfingu. Strákarnir hafa tekið miklum framförum í vetur og hafa þjálfarar annarra félaga það á orði að þarna sé að verða til alvöru

körfuboltalið. Strákarnir hófu veturinn í C-riðli. Fyrsta mótið var haldi á Höfn í Hornafirði og beið strákanna því alvöru ferðalag fyrir fyrstu leikina. Aðeins sex leikmenn komust í ferðina löngu en þrátt fyrir það, stóðu strákarnir sig með prýði, unnu einn leik sem dugði til að halda áfram í C-riðli.

Annað mótið var svo haldið á Selfossi og eftir erfiða byrjun, náðu strákarnir að vinna síðasta leikinn og halda þannig sætinu í C-riðli. En í þriðja móti vetrarins fóru hjólin að snúast. Mótið fór fram á heimavelli og strákarnir byrjuðu á að vinna Val sannfærandi. Næst kom að leik ársins þegar strákarnir unnu afar sterkt lið FSU með minnsta mögulega mun, 28:27 og fögnuðu strákarnir eins og þeir hefðu orðið Íslandsmeistarar í leikslok. En síðari dagurinn var ekki nógu góður, kannski ofmátu strákarnir getu sína og fyrir vikið töpuðust leikirnir gegn Snæfelli og Hrunamönnum.

Síðasta mót vetrarins var svo mót mikilla vonbrigða. Mótið fór fram á Flúðum, strákarnir töpuðu öllum leikjum sínum og féllu þar með niður í D-riðil. En það vantaði ekki að strákarnir börðust eins og ljón en stundum þurfa ljón að láta í minni pokann. Það er engin uppgjöf í minniboltanum, æfingar halda áfram og strákarnir eru harðir á því að mæta klárir í slaginn næsta vetur. Í flokknum eru margir mjög efnilegir strákar og ef þeir æfa vel og taka jafn miklum framförum og í vetur, þá þarf ekki að kvíða framtíðinni.

Þjálfari minniboltastrákanna í vetur var Júlíus Ingason og þakkar stjórn félagsins góðan árangur liðsins öðru fremur þá elju og ræktarsemi sem Júlli hefur lagt í starfið en hann hefur lagt mikinn metnað í að búa til góðan kjarna körfuboltaleikmanna framtíðarinnar. Framfarirnar sem strákarnir hafa tekið í vetur birtast í ýmsum myndum. Strákarnir hafa frá því í haust fengið að „trampólín troða“ eins og það er kallað og sjást framfarirnar vel þar. Í upphafi vetrar var aðeins einn leikmaður sem gat troðið með þessum hætti. Á lokahófi minniboltans um daginn var tímabilið endað með því að gera þessa uppáhalds æfingu strákanna „trampólín troða“. Það er skemmst frá því að segja að allir leikmenn liðsins með tölu gátu eftir tímabilið troðið með miklum tilþrifum.

Míkróbolti

Í vetur var í fyrsta skipti í sögu félagsins (eftir bestu vitund núverandi stjórnar) boðið upp á markvissar æfingar fyrir krakka í fyrsta til fjórða bekk. Æfingar voru tvisvar í viku í klukkutíma í senn. Fyrir áramót sá Kristján Tómasson leikmaður meistaraflokks ÍBV um þjálfun strákanna en eftir áramót tók Baldvin Johnsen við þjálfun þessa aldurshóps. Strákarnir sem hafa mætt reglulega hafa tekið verulega miklum framförum og er virkilega gaman að sjá hið fornkveðna í verki, “Æfingin skapar meistarann”. Í vetur hefur áherslan verið einstaklingsbundna þjálfun. Við höfum reynt að láta leikmenn “kynnast” boltanum og umgjörð leiksins. Ekki er spilað eftir stífustu reglum körfuboltans hjá þessum krökkum svona fyrst um sinn allavega á meðan hópurinn nær tökum á grunnatriðunum. Í lok vetrar eru krakkarnir orðnir ansi duglegir að drippla boltanum með báðum höndum og eins eru skothæfileikarnir að gera vart við sig. Það er ljóst ef tekst að halda utan um þennan hóp að þarna geta vaxið upp mjög efnilegir körfuboltamenn.

Áfram ÍBV - Baldvin Johnsen

Ársskýrsla Íþróttafélagsins Ægis starfsárið 2009

Það var af nógu að taka á árinu 2009. Árið byrjaði með því þann 16. janúar var Ólafur Jónsson kjörinn íþróttamaður ársins 2008 hjá Ægi. Við byrjuðum á markvissari æfingum fyrir komandi Íslandsmeistaramót í Boccia í mars og byrjuðum að æfa í þeim liðum sem vön eru að keppa saman.

Í lok mars hélt eldri hópurinn í boccia á Íslandsmót með 3 lið í keppnina, þar voru nýliðar sem voru að stíga sín fyrstu skref í keppni sem var mjög ánægjulegt, stöðugur vöxtur innan félagsins. Einnig fengum við til liðs við okkur nýjan bílstjóra og fararstjóra og gekk þetta allt saman vonum framar. Okkar fólk stóð sig með stakri prýði og var félaginu til sóma.

Í lok apríl var Ægisdagurinn haldinn í 3. skiptið. Aðalmarkmiðið með þessum degi er að kynna íþróttina okkar örlítið betur fyrir bæjarbúum ásamt því að þetta er hluti af fjáröflun félagsins fyrir Íslandsmót. Hugmynd Margrétar Bjarnadóttur hefur verið að gefast vel fyrir félagið og hafa góðir styrkir veist á þessum degi okkar.

Maí var annasamur mánuður að vanda. Eldri borgarar buðu okkur til sín í bocciakeppni. Við erum búin að negla þetta fast hjá okkur, að þau bjóði okkur til sín að vori og við þeim til okkar að hausti. Það er mjög gaman að fylgjast með æskunni okkar keppa á móti eldri borgurum. Einnig var sérstaklega skemmtilegt að sjá sumar ömmurnar vera að keppa

við barnabörnin. Þann 16. maí var svo Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra haldið, það er annað hvert ár og var fulltrúum okkar félags boðin gisting á Radison SAS, stórskemmtilegt að hitta fulltrúa allsstaðar af á landinu og vel að öllu staðið.

Uppskeruhátíð félagsins var haldinn 30. maí. Það var haldið smá innandeildarmót og vann Júlíana Silfá Haraldsdóttir þá keppni hjá eldri iðkendum og Birgir Reimar Rafnsson vann keppnina hjá yngri iðkendum. Var svo slegið upp allsherjar kökuveislu og fólkið okkar leyst út með merktum Ægisvarningi. Jafnframt buðum við dyggum stuðningsmönnum og sjálfboðaliðum í kaffi til okkar, þar sem afhent voru sjálfboðaliðaskírteini frá Íþróttasambandi fatlaðra, til að þakka þessum einstaklingum fyrir allt sem þeir hafa gert fyrir okkur.

Í september byrjaði starfið aftur hjá okkur. Þar sem við vorum að fara á okkar annað einstaklingsmót þá voru æfingarnar með aðeins breyttara móti og gekk það mjög vel. Einstaklingarnir okkar í eldri hópnum aðlöguðu sig vel að breyttum aðstæðum og æfðu stíft fram að móti. Við fengum jafnframt til okkar félag eldri borgara til að æfa okkur á fyrir keppnina stóru.

Í byrjun október var svo haldið til Selfossar á Íslandsmót í einstaklingskeppni. Okkar fólk stóð sig vel að vanda og komum við heim með einn sigurvegara, hann Þórarinn Ágúst Jónsson.

Í nóvember var jólakortapökkunin og byrjaði aðalfjáröflunarleiðin okkar, jólakortasalan, af fullum krafti í nóvember og fram í desember. Mannskapurinn stóð sig einstaklega vel við söluna.

Í desember var vetrinum slúttað með jólamóti, þar unnu Stefán Róbertsson og Ólafur Jónsson mótið. Að lokum var það velheppnuð pizzuveisla í boði Geira og Jóhönnu hjá Topppizzum til að setja punktinn yfir i-ið á annars frábæru ári.

Eftir kraftmikla vinnu og óeigingjarnt starf margra aðila er félagið og starf þess í miklum blóma. Það er ekki hægt að ljúka þessum skrifum nema að þakka öllum þeim frábæru styrktaraðilum sem hafa stutt vel við bakið á okkur. Öll þessi vinna hefur skilað sér á markverðan hátt og mætum við góðum móttökum nánast hvar sem við komum og er það þakkarvert. Við stefnum að sjálfsögðu alltaf hærra og hærra! Íþróttasamband fatlaðra er búið að tvískora á okkur að halda einstaklingskeppnina hér í Eyjum og er sú hugmynd í skoðun innan félagsins. Þar verðum við að skora á Vestmannaeyjabæ ásamt öðrum aðilum til að leggja hönd á plóg, þar sem aðgengi fyrir fólk í hjólastólum á gististöðum og veitingahúsum bæjarins er ekki beint til að hrópa húrra fyrir. Náði ég spjalli af bæjarstjóranum og lýsti hann yfir velvilja í garð þessarar hugmyndar. Framtíðin er því spennandi og jafnframt krefjandi, en við lítum á þetta sem verkefni sem þarf að leysa! :)

Fyrir hönd Íþróttafélagsins Ægis,
Kristín Ósk Óskarsdóttir, formaður

TOYOTA

hummel
ÍBV

ÍÞRÓTTABANDAL
VESTMANNAEYJ